Á Alþingi 1917 var sett nefnd í Nd. eftir tillögu, er 10 þingmenn í deildinni (þeir Magnús Pjetursson, Bjarni Jónsson frá Vogi, Gísli Sveinsson, Einar Arnórsson, Magnús Guðmundsson, Benedikt Sveinsson, Skúli S. Thóroddsen, Jón Jónsson, Björn R. Stefánsson og Þórarinn Jónsson) fluttu. Starfaði nefnd þessi meðan þing stóð, vann meðal annars að fánamálinu og tókst að sameina alla flokka þingsins um þær kröfur, er gera skyldi í sjálfstæðismáli landsins. Á sama þingi samþyktu báðar deildir ályktun þess efnis, að skora á ráðuneyti Íslands að fá því framgengt við konung landsins, að það fengi siglingafána, í stað þess siglingafána, er það hefir um skeið haft og er sami fáni sem konungsríkið Danmörk, sambandsland vort, hefir. Samkvæmt tjeðri þingsályktun bar forsætisráðherra Íslands málið upp fyrir konungi í ríkisráði 14. nóv. f. á. Konungur ljet svo um mælt, að hann gæti eigi fallist á tillögu forsætisráðherra, nema því að eins að jafnframt lægi fyrir honum til staðfestingar lög um allsherjarskipun á rjettarsambandi landanna, Danmerkur og Íslands. Einnig fjellu ummæli í þá átt frá konungi, að hann myndi fallast á það, að reynt væri þá þegar að koma nýju skipulagi á sambandið alt milli landanna. Svo tjáði og formaður ráðuneytis Danmerkur stjórnina þar fúsa til þess að taka upp samninga um málið. Alþingi, sem kvatt var til fundar 10. apr. þ. á., samþykti það fyrir sitt leyti, að samningar væru reyndir um sambandsmálið af nýju, og slíkt hið sama gerði Ríkisþing Danmerkur, er kvatt var til fundar 28. maí þ. á. Varð það að ráði, að sendir skyldu menn frá Danmörku hingað til lands til þess að semja um málið við Alþingi og stjórn. Komu sendimenn Dana hingað um mánaðamótin júní og júlí. Alþingi kjöri af sinni hálfu 4 menn, jafnmarga sendimönnum Dana, til þess að hafa á hendi milligöngu og samninga við sendimennina dönsku. Stóðu þær samningagerðir frá 1. júlí til 18. s. m. Báru milligöngumennirnir íslensku sig saman um hvatvetna bæði við þingflokka, fullveldisnefndir þingsins og stjórn. Árangur samningatilrauna nefndarmanna Alþingis og sendimannanna dönsku má nú líta í frumvarpi því, sem stjórn Íslands hefir lagt fyrir þetta þing og hjer skal nánar um rætt.

II.

Um frumvarpið *almenl, fyrirsögn* og *I. kafla* þess vilja nefndirnar láta þessa getið:

Fullveldisnefndirnar á síðasta þingi, fyrra aukaþinginu þetta ár, gerðu uppkast að sjerstökum sáttmála um konungssambandið milli Danmerkur og Íslands og ýms önnur grundvallaratriði um skipun á sambandi landanna. Auk þess ætluðust nefndirnar til þess, að gerðir yrðu aðrir samningar sjerstaklega um önnur atriði, ef þörf gerðist, svo sem ef Danmörku kynni að verða falin meðferð einhverra mála um einhvern tíma í umboði Íslands. Milligöngumennirnir íslensku skýrðu nefndunum frá því, að eigi myndi unt að fá því framgengt, að þetta form-skipulag, sem nefndirnar höfðu stungið upp á, yrði lagt til grundvallar samningagerðunum. Eftir nákvæma íhugun á þessu atriði komust nefndirnar að þeirri niðurstöðu, að það, hvort samningar við Danmörk skyldu vera í einu lagi eða tvennu, væri aukaatriði. Skulum vjer leyfa oss að tilfæra hjer orðrjett kafla úr athugasemdum dönsku og íslensku nefndarmannanna um þetta efni, og erum vjer þessum ummælum fyllilega samþykkir:

»Í upphafi var það uppástunga íslensku nefndarmannanna, að gerður væri sjerstakur sáttmáli um konungssambandið og önnur grundvallaratriði um samband landanna, Íslands og Danmerkur. En síðan skyldi annar samningur gerður um önnur mál, er sæta kynnu sameiginlegri meðferð eða varða kynnu ríkin bæði á annan hátt. Dönsku nefndarmennirnir töldu Ríkisþing Dana eigi geta haft aðra aðferð, er það samþykti ákvæðin um samband landanna, en þá, er lög væru samþykt. Það var allri nefndinni ljóst, að það væri aukaatriði, hvaða aðferð höfð væri um samþykt sambandsákvæðanna. Hvor aðili færi með það eftir ákvæðum sinna stjórnskipunarlaga og þingskapa. Svo var og báðum nefndunum ljóst, að það væri einnig aukaatriði, í hvaða form sambandsákvæðin væru búin, hvort þau væru heldur í einu eða tvennu lagi, því að form ríkjasamninga er hvergi föstum reglum bundið. Alt veltur á efninu. Á því telja nefndirnar engan vafa vera. Sambandsákvæði þau, er hjer greinir, verða til fyrir samkomulag, þar sem tveir jafnrjettháir aðiljar semja um ákveðið samband sín á meðal og báðir binda sig að eins samkvæmt sjálfs sín vilja og eru af engu öðru valdi til þess knúðir.

Samkvæmt þessu hafa íslensku nefndarmennirnir eigi heldur talið það máli skifta, þó að sambandsákvæðin væru nefnd »Sambandslög« á íslensku og »Forbundslov« á dönsku, enda þar fyrir auðsætt, að efni þeirra, að undanteknu konungssambandinu, byggist á samningi, sem og er viðurkent í 1. og 18. gr.«.

Því til staðfestingar, að fullveldisnefndir og samninganefndin íslenska líti rjett á þetta mál, látum vjer þess getið, að helstu fræðimenn í þjóðarjetti halda fram þessari sömu skoðun. Einna ljósast er þetta sagt í kenslubók Gjelsviks í þjóðarjetti (N. Gjelsvik, Lærebok i folkerett. Oslo. 1915) bls. 134: »Millirikjasamningur breytir ekki samningseðli sínu, þótt hann sje samþyktur í öðru ríkinu eða báðum í öðrum ríkisrjettarbúningi en tíðkast um samninga. Sama er og þótt samningur sje samþyktur sem stjórnarskrá. Stjórnarvöldin geta breytt öðrum fyrirmælum stjórnarskipunarlaganna eftir vild sinni, ef þau fara eftir þeim ákvæðum, sem sett eru í stjórnarskipunarlögum um slíkar

breytingar. En þau geta ekki breytt eftir geðþótta sínum samningsákvæðum þeim, sem tekin eru í stjórnarskrár. Þeim verður að eins breytt með samþykki þess ríkis, sem samningurinn er gerður við. Að þessu leyti eru samningar ríkari en venjuleg stjórnarskrár-fyrirmæli. En á hinn bóginn eru samningaákvæði undirorpin sömu veiklun, jafnvel þótt í stjórnarskrá sje, sem venjuleg samningsákvæði. Ef annar aðili rýfur eitthvert atriði samnings, getur hinn aðilinn sagt samningnum upp að öllu. Samningar, sem samþyktir eru í öðru ríki eða báðum sem stjórnarskrá, eru engin undantekning frá þessu. Þótt annað ríkið neyti uppsagnarrjettar þess, er samningsrof veita, þarf það ekki að segja upp með þeim hætti, sem hafa skal þegar stjórnarskrá er breytt. Því að ekki er til þess ætlast, að þeim fyrirskipunum sje fylgt þegar svo stendur á«.

Sami höfundur ritar í brjefi til Bjarna Jónssonar frá Vogi, 4. ágúst þ. á., eftirfarandi orð um einmitt þetta atriði þessa frumvarps: »Formsins vegna vildi jeg hafa óskað, að fyrirsögnin hefði eigi verið *sambandslög*, heldur *sáttmáli* eða *sættargerð*. En að efni er engin vafi á því, að hjer er um að ræða *sáttmála* milli sjálfstæðra ríkja. Jeg tel það afar mikilsvert, bæði fyrir Ísland og Danmörk, að þessi sáttmáli verði að lögum *nú* — og það *þegar í stað*. — Öllum heimi verður að gera það ljóst, að afstaða Íslands og Danmerkur sje sú, að stórveldin fái ekki færi á að hafa Ísland að verslunarvöru — með því að þvinga Dani — sbr. 1814!«.

Um efni fyrirhugaðra samninga skal þess getið, að fullveldisnefndir og þingheimur allur var staðráðinn í því að krefjast viðurkenningar Danmerkur á fullveldi Íslands í konungssambandi við Danmörk og slá engu af því. Er þá fyrst athugandi, a) hvort viðurkenning á fullveldi landsins sje fengin með þessu frv. og því næst, b) hvort hreint konungssamband sje fengið. Skulu þessi atriði nú rakin nokkuru nánar.

a) Samningur sá, er felst í frv. því, sem hjer liggur fyrir, hvílir beinlínis á þeim grundvelli, að báðir þeir aðiljar, sem að því standa, geri hann af fullveldi sínu, þ. e. hæfileika til að skuldbinda sig með gerðum sínum og aðgerðaleysi. Hvor aðili skuldbindur sig hjer fyrir sjálfs sín vilja, en eigi fyrir valdboð annara, og skuldbindingin nær eigi lengra en hvor aðili lætur sjer lynda.

Þá geymir frv. skýlaust orðaða skýrslu um það, að hvort ríkið um sig sje frjálst og fullvalda, sjá 1. gr., og sýnir það ljóst, það sem áður er sagt, að samningurinn hvílir á fullveldi beggja aðilja. Enn fremur felur 19. gr. í sjer viðurkenningu Danmerkur á fullveldi Íslands, því að samkvæmt henni heitir Danmörk Íslandi því, af því að Danmörk hefir umboð Íslands, samkv. 7. gr., til meðferðar utanríkismála þess, að tilkynna erlendum ríkjum, að hún hafi, samkvæmt sambandslögunum, viðurkent Ísland fullvalda ríki. Það er því berum orðum sagt í frumvarpinu, að Ísland sje fullvalda (»suverænt«) ríki.

Auk þess er talað um í frv. ýmsar athafnir íslenska ríkisins í framtíðinni, er eigi gætu átt sjer stað, nema það væri fullvalda ríki. Þar til má fyrst nefna 19. gr. frv. Samkvæmt henni lýsir Ísland yfir ævarandi hlutleysi sínu. Ef Ísland væri eigi fullvalda í sambandi við Danmörk, gæti það ekki haldist hlutlaust, ef Danmörk lenti í ófriði, svo lengi sem sambandið stendur. Og ekkert ófullvalda ríki getur sjálft lýst hlutleysi sínu. Það ríki, sem hefir fyrirsvar fyrir því eða yfirráð yfir því, hlýtur að gefa út slíka yfirlýsingu,

algerlega á eindæmi sitt og á ábyrgð sína. Danmörk birtir að vísu hlutleysisyfirlýsinguna samkvæmt 19. gr. frv., en það gerir Danmörk sakir þess, að hún hefir umboð Íslands til þess að fara með utanríkismál þess, og er yfirlýsingin einn þáttur þess erindrekstrar.

Þá er 18. gr. frv. Samkvæmt henni er hvoru ríkinu um sig heimilt að segja samningnum slitið eftir ákveðinn tíma, enda þótt eigi sje samningsrofum til að dreifa. Þetta ákvæði sýnir glögt fullveldið, því að engum ófullvalda aðilja mundi slíkur rjettur veittur.

17. gr. um gerðardóminn bendir eindregið í sömu átt. Deilumálum um skilning sambandslaganna skal ráða til lykta af gerðardómi. Oddamaður verður kjörinn af stjórn Noregs eða Svíþjóðar. Engin slík gerðardómsákvæði verða sett, nema fullvalda ríki eigi í hlut. Umboð, sem Ísland veitir Danmörku til meðferðar utanríkismála (7. gr.), og samþykki Íslands til þess að konungur megi vera þjóðhöfðingi í öðrum ríkjum (4. gr.), sýna einnig fullveldi Íslands. Einnig mætti bæta hjer við, eftir skoðunum sumra þjóðrjettarfræðinga, ákvæðum frv. um sjerstakan ríkisborgararjett (6. gr.) og um samninga um ýms mál (12. gr.), því að fullvöld ríki ein gætu, að þeirra skoðun, haft slíkan rjett sem í þessum greinum getur.

Af því, sem nú hefir verið sagt, má sjá það, að Ísland hefir eigi að eins fullveldi samkvæmt skýrum orðum frv. (1. og 19. gr.), heldur einnig öll ytri merki fullveldisins. Það skuldbindur sig samkvæmt vilja sínum og eigi annara. Það veitir umboð til meðferðar utanríkismála sinna, og hefir því sendiherrarjett og sáttmálsrjett (jus legationum og jus foederum), því að eigi mætti Ísland umboð gefa til meðferðar þessara mála, ef það ætti þau eigi sjálft. Af ákvæðum 19. gr. leiðir, að Ísland hefir líka vald friðar og styrjaldar (jus belli ac pacis), þar sem það ræður að lögum hlutleysi sínu, hvernig sem um sambandsland þess fer, og hermál sambandslandsins skifta það engu máli.

Enn skal það sýnt, að báðum ríkjunum er gert jafnhátt undir höfði í sáttmála þessum. Í fyrsta kaflanum er það sagt beinlínis í hverri grein og sumum tvisvar. En þessi kafli er, sem fyr segir, yfirlýsing um að ríki þessi hafi verið og sjeu bæði fullvalda og jafnrjetthá. Í hinum köflum frv. kemur sama fram. Þar eru bæði ríkin í II. kaflanum gerð jöfn að því, að hvort þeirra hefir sinn þegnrjett, sem það að sjálfsögðu hefir vald til að veita mönnum eða svifta þá eftir vild. Auk þess eru þegnar hvors um sig undanþegnir herskyldu í hinu. Í III. kaflanum eru þau gerð jöfn að því, að hvort um sig ráðstafar utanríkismálum sínum (7. gr.), að bæði ráða myntskipun og myntsláttu (9. gr.) og að hvort um sig hefir dómsvaldið óskorað (10. gr.). Í IV. kaflanum eru þau og ger jafnrjettháir samningsaðiljar um þau mál, er 12. gr. nefnir, og jafnrjetthá um gæslu hagsmuna sinna hjá hinu ríkinu (15. gr.). Þá gerir 17. gr. þau jöfn um úrskurð á deilum, sem þar greinir. Enn gerir 18. gr. þau jöfn um sáttmálsendurskoðun og sáttmálsslit, og 19. gr. sýnir, að hvort um sig er jafnbært sem hitt að ráða hermálum sínum. Og hvergi eru þau gerð ójöfn. Af þessum jöfnuði hlýtur að leiða, að vilji nokkur efast um, að Ísland sje fullvalda eftir þessu frv., þá verður sá hinn sami að efast um, að Danmörk sje fullvalda. Og vilji nokkur halda því fram, að hjer skorti á fullveldi Íslands og að því sje ætlað að verða ófullvalda, þá knýr hugsananauðsyn hann til þess að segja hið sama um Danmörk. En þá er að gæta þess, hvort

hugsandi væri, að frumvarp þetta færi fram á að gera bæði ríkin ófullvalda, að það svifti þau bæði að einhverju leyti hæfileikanum til að skuldbinda sig með athöfnum eða athafnaleysi. Þar er þess fyrst að gæta, að samkvæmt frumvarpinu er engin stofnun til, ekkert yfirríki, engin sambandsstjórn, ekkert sambandsþing, er geti farið með þau fullveldismál, er menn vildu telja, að hvort ríkið um sig væri svift. En samband tveggja ófullvalda ríkja án nokkurrar slíkrar stofnunar er óhugsandi óskapnaður, sem hefir aldrei verið til og getur ekki verið til frekar en hnöttóttur teningur.

Vjer þykjumst nú hafa sannað svo, að eigi verði móti mælt, að í frumvarpi þessu sje um fulla viðurkenning að ræða á óskoruðu fullveldi Íslands.

b) Þá er á hitt að líta, hvort hjer sje um hreint konungssamband að ræða. Sumir þjóðrjettarfræðingar halda því fram, að konungssambandið eitt sje svo vaxið, að hvort eða hvert sambandsríki sje fullvalda, en ekki sjálft sambandið (Franz von Liszt, Das Völkerrecht, Berlin 1911, bls. 52, § 6 II, 1), en í málefnasambandi sje sambandið sjálft fullvalda, en ekki sambandsríkin (§ 6 II, 4, bls. 53). Eftir því er þegar sannað, að hjer sje konungssamband ráðgert, af því að áður var sýnt, að bæði ríkin væru fullvalda. En sakir þess, að aðrir þjóðrjettarfræðingar líta svo á, að hin einstöku ríki í málefnasambandi sjeu fullvalda (N. Gjelsvik, Lærebok i folkerett, Oslo 1915, bls. 133, § 6), þá er rjett að líta á málið frá fleiri hliðum.

Sumir telja einkenni konungssambands vera það, að ekkert sje sameiginlegt, nema konungurinn, en leggja enga áherslu á hitt, hvernig konungsfjelagið er eða hefir orðið til. Eftir þeirri skoðun nægir oss, því til sönnunar, að þetta fyrirhugaða samband sje konungssamband, að sýna fram á, að hjer sje ekkert sameiginlegt, nema konungurinn. Þetta liggur nú þegar í því, að hvorugt ríkið er yfirríki og að engin sambandsstjórn er til. Því að væri nokkuð sameiginlegt annað en konungur, þá væri það umsjónarlaust og engin stjórnarvöld gætu sint því. En auk þess er þetta auðsætt af ákvæðum frumvarpsins. Hið eina, sem í fljótu bragði gæti virst vera sameiginlegt, eru utanríkismálin. En það er þó ekki. Í fyrsta lagi gerir 7. gr. ljóslega ráð fyrir íslenskum utanríkismálum, og þótt annar þjóni oss eftir umboði, þá er eða verður það eigi nein ástæða til að telja utanríkismálin sameiginleg. En auk þess liggur alt undir samþykki vort, sem gert er í þeim málum, og enn má geta þess, að vjer getum sent svo marga fulltrúa út, sem vjer viljum, og gætum því tekið alla meðferð utanríkismálanna sjálfir, þótt vjer tækjum eigi umboðið af Dönum. Nægir þetta því til sönnunar, að utanríkismálin sjeu eigi sameiginleg. Vert er að geta þess, að það er alsiða, að eitt ríki fái mál sín í hendur sendimanni annars ríkis, þar sem lítið er um að vera. Svo gera Norðurlöndin og hafa gert á nokkrum stöðum. Holland fór með utanríkismál Luxemburgar eftir samningi og allar ófriðarþjóðirnar hafa nú gert það síðustu árin. Þó er eigi fyrir þá sök talið að umboðsgjafi og umboðshafi eigi nokkur sameiginleg mál.

Þar sem nú ekkert er sameiginlegt nema konungurinn, þá er hjer hreint konungssamband eftir skoðun þeirri, er nefnd var hjer að ofan. En aðrir fræðimenn skilgreina hjer öðruvísi og segja, að þá sje hreint konungssamband, ef konungsfjelagið er orðið af hendingu, en málefnasamband, ef það er til orðið eftir samningi. Svo líta þeir báðir á Gjelsvik og Franz von Liszt.

Verður því að líta á, hvort frv. þetta feli í sjer hreint konungssamband í þessum skilningi. Gjelsvik og Lundborg hafa mismunandi skoðun á því, hvernig konungsfjelag Íslands og Danmerkur sje til orðið. Gjelsvik lítur svo á, að það byggist á þeirri tilviljun, að samningamönnum í Kiel 1814 var ekki ljóst, hvern rjett Ísland átti, og að tvær óviðkomandi þjóðir drógu það því inn í samning sín á milli, en Íslendingar ljetu þessari ráðstöfun, sem þeim var eigi birt, ómótmælt og ljetu standa sem tilboð til konungs Dana um að ganga inn í gamla sáttmála þeirra við Noregskonung. Það er því ljóst, að eftir skoðun Gjelsviks er konungsfjelag Íslendinga við Dani orðið af hendingu. Lundborg telur það byggjast á gamla sáttmála, ekkert vera sameiginlegt nema konunginn. En þar sem það sje ekki staðfest með sáttmála eða lögum, kemst hann að sömu niðurstöðu um eðli þess sem Gjelsvik. Og Franz von Liszt hefir lýst yfir því í brjefi til Lundborgs, að hann fallist á þessa skoðun, og í útgáfunni 1915 af Das Völkerrecht, bls. 55, fellst hann og opinberlega á hana. (Sjá um þessi atriði Anathon Aall und Nikolaus Gjelsvik, Die norwegisch-schwedische Union, ihr Bestehen und ihre Auflösung, Breslau 1912, bls. 21—22, og Ragnar Lundborg, Zwei umstrittene Staatenbildungen, Berlin 1918, bls. 97—98). Meiri hluti nefndanna er, sem allir Íslendingar, þessum höfundum samdóma um, að konungsfjelag vort við Dani sje orðið til af hendingu, en sje eigi umsamið eða viljað. Og er þá að lokum á það að líta, hvort frumvarp þetta geri það *umsamið konungsfjelag*. Þar veltur alt á því, hvort 1. gr. heyrir til »þeim samningi, sem felst í þessum sambandslögum« eða ekki. Ef hún er ekki eitt atriði samningsins, þá er eigi heldur nú samið um konungsfjelagið, og verður það því áfram að byggjast á því sama sem áður. Er hjer þá um hreint konungssamband að ræða, jafnvel í þessum strangasta skilningi. Enginn mun hafa freistingu til þess að halda því fram, að fyrsta greinin sje eitt atriði samningsins, að minsta kosti eigi Danir. Því að þá fjelli konungsfjelagið undir ákvæði 18. greinar og væri uppsegjanlegt eftir 1940. Þá væri konungssambandið hreinna en hreint.

Hjer hefir þá verið sannað svo, að eigi verður í móti mælt, að í frumvarpi þessu felst *full viðurkenning á óskoruðu fullveldi Íslands í hreinu konungssambandi við Danmörk.*

III.

Kunnugt er það, að vjer höfum hingað til deilt við Dani um rjett vorn. Eftir vorum skilningi var þeim alla tíð skylt, og þá eigi síður nú, að viðurkenna allan þann rjett, sem sannað var hjer að ofan að viðurkendur væri í frv. En Danir töldu sjer það eigi skylt, og fyrir því vildu nú samningamenn þeirra eigi gera það, nema Dönum væru veitt ýms friðindi í staðinn. Samningamönnum vorum í sumar þótti eftir atvikum rjett að fara svo langt í þessu sem í frv. stendur, heldur en verða af viðurkenningunni, er hún bauðst án frekari kostnaðar eða áhættu. En nú líta nokkrir menn svo á þetta mál, að viðurkenning fullveldis vors í konungssambandi við Dani sje of dýru verði keypt. Fyrir því telur meiri hluti nefndanna rjett að fara nokkrum orðum um þau atriði og skýra greinar frv. að því leyti, sem það hefir eigi verið gert.

Um 6. gr.

Í 1. málsgr. þessarar gr. segir, að danskir ríkisborgarar njóti að öllu leyti sama rjettar á Íslandi sem íslenskir ríkisborgarar fæddir þar, og gagnkvæmt.

Þetta ákvæði segir fyrst og fremst, að hvort ríki hafi sinn ríkisborgararjett, sína ríkisborgara, eins og sagt er í aths. dönsku og íslensku samningamannanna við þessa grein, enda leiðir slíkt beinlínis af fullveldi landsins, að það hafi sína þegna (ríkisborgara). Ísland ákveður því sjálft um veitslu þessa rjettar, hvaða rjettindi og skyldur honum sjeu samfara og hvernig menn missi hann. Enda þótt þegnar annars ríkisins hafi jafnrjetti við þegna hins ríkisins samkv. þessari málsgrein, skiftir það afarmiklu máli, að þegnrjettur er hvoru ríki sjerstakur, auk þess, sem þegar er sagt, að þegnar eru eitt grundvallarskilyrði þess, að ríki megi til verða. Skal hjer skýrt nokkuð, hvaða þýðingu sjerstakur þegnrjettur hefir að öðru leyti.

Út á við, gagnvart öðrum ríkjum, kemur þetta skýrt fram. Ef t. d annað ríkið áskildi þegnum sínum, eftir að sambandslögin eru í gildi gengin, sjerstök rjettindi, t. d. atvinnurjettindi, tollfrelsi, framfærslurjett í öðru ríki eða legði á þá sjerstakar skyldur öðru ríki til handa, þá væri slíkt óviðkomandi þegnum hins ríkisins. Þess vegna birtist aðgreining þegnrjettarins ljóst í millirikjaskiftum.

Inn á við, í skiftum þegna annars ríkisins við hitt, kemur aðgreiningin einnig glögt fram í framkvæmdinni. Ef Danmörk og Ísland gerðu t. d. gagnkvæman samning um framsal afbrotamanna, sbr. 12. gr., mundi hvort ríki um sig undanskilja þegna sína framsali, eins og venja er að gera í slíkum samningum. Danmörk mundi t. d. eigi undirgangast að framselja danskan þegn, sem hefði framið hjer glæp, nje Ísland íslenskan þegn, er framið hefði glæp í Danmörku. Danskur þegn mundi eigi sæta refsingu í Danmörku fyrir svikræði við Ísland, því að hann yrði ekki dæmdur eftir IX. kap. danskra hegningarlaga um landráð, því að þau ákvæði eiga að eins við ríkið Danmörk, en eigi ríkið Ísland. Slíkt hið sama væri um Íslending, er fremdi svikræði við Danmörk. Þar á móti gæti verknaðurinn heyrt undir X. kap. hegningarlaganna, ef hann miðaði til að svifta konung konungdómi eða breyta ríkiserfðunum, því að það væri jafnframt brot á sambandslögunum, sem bæði ríkin eru bundin við. Mörg fleiri dæmi mætti nefna, en þetta nægir til þess að sýna aðgreininguna milli þegna ríkjanna.

Skal þá vikið að jafnrjettisákvæðinu sjálfu. Í því felst það, að *Íslendingar hafi jafnrjetti við Dani, ef þeir fullnægja þeim skilyrðum öllum, er dönsk löggjöf setur til nautnar hverra rjettinda, og að þeir verði að hlíta öllum takmörkunum, er dönsk löggjöf setur gagnvart sínum þegnum um nautn hverrar rjettindagreinar.* Öldungis samsvarandi gildir um jafnrjetti Dana við Íslendinga. *Danir verða að fullnægja sömu skilyrðum og sæta sömu takmörkunum sem sett eru eða sett verða um rjettindanautn íslenskra þegna í hverri grein.* Til þess að njóta kjörgengis og kosningarrjettar þarf maður samkv. löggjöf beggja ríkja að vera búsettur í landinu, og getur hvort ríkið um sig sett þau skilyrði, að hver sá þegn þess, er slept hefir heimilisfangi í ríkinu eða hefir aldrei haft það, skuli enn fremur hafa verið þar heimilisfastur óslitið ákveðinn tíma, áður hann megi neyta tjeðra rjettinda, t. d. að hver maður verði að hafa átt

fast heimili 5 ár í Danmörku til að njóta þar kosningarrjettar og kjörgengis, hvort sem hann væri danskur þegn eða eigi. Mundi íslenskur þegn verða að sæta því, að hann fengi sama rjett í þessu efni, að uppfyltum sömu skilyrðum sem danskir þegnar. Öldungis samsvarandi gildir um hitt ríkið. Í Danmörku er búseta í landinu skilyrði til ýmiskonar atvinnurekstrar, og er sýnt, að íslenskir þegnar verða að fullnægja þeim skilyrðum. Danir geta t. d. gert búsetu í löggjöf sinni að skilyrði til þess að eignast fasteignir í Danmörku, sbr. grvl. Dana 5. júní 1915, 50. gr. 2. mgr., og yrðu íslenskir þegnar jafnt og danskir annarsstaðar búsettir að sæta því. Að því leyti, sem samsvarandi ákvæði eru í löggjöf vorri, sbr. t. d. fossalöggjöfina, eða verða sett, verða danskir þegnar einnig að fullnægja þeim. Ef sett verður í íslenska löggjöf það ákvæði, að löst búseta sje skilyrði til þess að mega versla hjer, yrðu danskir þegnar að sæta því. Til þess að verða t. d. dómari í Danmörku þarf lagapróf frá Kaupmannahafnarháskóla. Íslenskur þegn getur þá því að eins orðið þar dómari, að hann hafi slíkt próf. Dómari hjer verður meðal annars að kunna íslenska tungu og hafa lagapróf frá háskóla vorum. Þessum skilyrðum yrðu danskir þegnar einnig að fullnægja til þess að verða hjer dómarar. Að eins gildir það eftir 6. gr. 3. mgr. um *fiskiveiðarjett* í landhelgi ríkjanna, þar á meðal landhelgi við Grænland, þegar hún verður heimil dönskum þegnum — og þar með íslenskum — til fiskiveiða, að þar má hvorugt gera búsetu að skilyrði. Þar á móti getur hvort ríkið sett reglur bæði þegnum sínum og öllum um veiðiaðferðir, sbr. fiskiveiðasamþyktirnar, botnvörpuveiðalöggjöfina, um meðferð aflans í landi o. s. frv.

Sem dæmi takmarkana um rjettindanautn, er þegnar ríkisins verða að sæta, má nefna hið skilyrðislausa bann við botnvörpuveiðum í íslenskri landhelgi. Sömu takmörkun verða og danskir þegnar að hlíta, því að þeir hafa eigi meiri rjett en íslenskir þegnar, heldur jafnan, sbr. 6. gr. 3. málsgr.: »að jöfnu«, í danska textanum: »i lige Grad«.

Ákvæði 6. gr. 4. málsgr. um jafnrjetti skipanna felur það í sjer, að dönsk skip á Íslandi og íslensk skip í Danmörku greiði t. d. jöfn hafnargjöld, vitagjald o. s. frv. Samskonar fyrirmæli er eigi einsdæmi í ríkjasamningum.

6. gr. 5. málsgr. hefir samskonar fyrirmæli að geyma sem margir aðrir ríkjasamningar. Af þessari málsgr. leiðir það, að ef vjer t. d. hjetum einhverju öðru ríki en Danmörku tollfrelsi á einhverri vöru þaðan, fluttri hingað, ætti danska ríkið rjett á því, að sama vara þaðan, flutt hingað, yrði einnig tollfrjáls. Samsvarandi gildir um íslenska vöru, flutta til Danmerkur. Þessi málsgrein hefir, í almennum orðum sagt, að geyma það ákvæði, að hvort ríkið ívilni hinu um vörur, afurðir og afrek svo, að rjettur þess verði að þessu leyti eigi lakari en nokkurs annars ríkis.

Þeir menn, sem telja viðurkenning fullveldis vors of dýru verði keypta, einkum sakir 6. gr., sem nú hefir verið skýrð, munu telja hana svo skaðvænlega í atvinnu- og fjárhagsmálum vorum, að hún ónýti fullveldið. Því er rjett að líta á, hvort sú skaðsemi hefði orðið minni, ef eigi hefði verið gengið að þessum samningi. Tvent var til, ef eigi hefði orðið úr samningum: Annaðhvort hefði leitt af því skilnað milli landanna, eða alt hefði setið við sama. Hugsum oss, að vjer hefðum lýst yfir skilnaði við Danmörk og fengið viðurkenning annara ríkja. Þá hefðu þessar rjettindaveitslur reynst óþarfur tilkostnaður

frá vorri hlið, ef þeir, sem þá viðurkendu oss, hefðu eigi sett oss skilyrði, sem eigi væru hagfeldari. En hefði nú alt verið látið sitja við hið sama sem nú er, þá verður að telja þessa ráðstöfun hyggilega. Því að þá hefðu Danir haft öll þessi rjettindi um óákveðinn tíma, en vjer ekkert í staðinn. Og stafi oss stórhætta af þessum ákvæðum, þótt vjer sjeum fullvalda ríki og getum sett þau lög oss til varnar, sem oss eru fullnægjandi, og það leysir samningurinn, þá mundi hún þó verða margföld án fullveldisins. Því að þá mundum vjer hafa fengið synjanir, í stað þess, að nú, þ. e. eftir frv., erum vjer fullvaldir um löggjöfina. Fyrir því geta engir lastað þessa ráðstöfun, nema þeir menn einir, sem staðráðnir voru að skilja heldur við Dani en að veita þeim nokkrar ívilnanir. En auk þess hvílir á þeim sönnunarskylda þess, að skilnaður hefði gengið fram og viðurkenningin minna verði keypt.

Um 7. gr.

Þar nægir að vísa til þess, sem sagt er um hana í II. og IV. kafla.

Um 8. gr.

Um hana er vísað til IV. kafla og til athugasemdar samninganefndanna um þá grein og athugasemdar vorrar við 11. gr.

Um 9. og 10. gr.

Þar um er vísað til IV. kafla.

Um 11. gr.

Nefndin telur þessa grein góða, þar sem hún sýnir, að íslenska ríkið ætlast ekki til, að sambandsríkið annist málefni þess endurgjaldslaust. Þessi grein tekur þó eigi til kostnaðar við landshelgisgæslu, því að hann er talinn fullgoldinn með rjettindaveitslum 3. málsgr. 6. greinar.

Um 12. gr.

Vísað til II. og IV. kafla.

Um 13. og 14. gr.

Auk þess, sem um ákvæði þessara gr. segir í IV. kafla, skulu eftirfarandi athugasemdir gerðar við þessar greinar.

Árgreiðsla Danmerkur til Íslands er nú 60 þúsund krónur. Vextir af þeirri miljón króna, sem hverfur undir forræði Íslands samkvæmt 14. gr., er með vöxtum þeim, er bankavaxtabrjef veita, og þegar munur á nafnverði og gangverði þessara brjefa er tekinn til greina, um 47 þús. króna. Mismunur árgreiðslunnar nú og vaxta þessara verður þá 13 þús. kr. Að vísu falla burt forrjettindi íslenskra námsmanna í Khöfn. En í fyrsta lagi er það vafa bundið, hvort þau forrjettindi hafa orðið Íslandi að miklu gagni, einkum síðan háskóli vor var stofnaður, og í öðru lagi eiga íslenskir námsmenn samkvæmt 6. gr. 1. málsgr. kost á að fá námsstyrk í Khöfn eftir sömu reglum sem danskir stúdentar og einnig rjett til námsstyrks hvar sem vera skal af þeim miljónar-sjóði, er undir forræði Dana hverfur samkvæmt 14. gr. Vjer verðum að telja það heppilegt, að fje þetta er lagt í sjóð, en eigi haft að

eyðslueyri, eins og verða myndi, ef það hefði verið greitt í ríkissjóð vorn, og mundi þess þá hafa lítils gætt. Vjer mundum auðvitað hafa kosið, að alt þetta fje hefði til vor horfið og sætt forræði voru, einkum þar sem skoðun Íslendinga hefir verið, að það væri greiðsla á lögmætri skuld til vor, en fjáratriði þetta teljum vjer svo algert aukaatriði, að eigi hefði komið til mála að láta samninga stranda á því.

Raddir hafa heyrst um það, að Danir gætu notað sjóð sinn beinlínis oss til óhags. Þar til liggur það svar, að vjer getum á engan hátt spornað við því, að Danir fari svo með sitt fje sem þeim líkar, eins og þeir mega engu um það ráða, hvernig vjer förum með vort. Þess getum vjer þó krafist hjer, að stofnskrá Dana um sjóðinn verði í samræmi við ákvæði 14. gr. frv. En ef Danir hefðu varið slíkri fjárhæð án samninga við oss, sem þeir hefðu mátt gera, ef eigi hefði af samningum orðið, þá hefðum vjer eigi mátt hafa þar hönd í bagga.

Um 15. gr.

Er vísað til II. og IV. kafla.

Um 16. gr.

Þótt nefndirnar telji slíka nefnd sem þá, er hjer getur, eigi nauðsynlega, þá geta þær eigi talið hana geta orðið til neins tjóns, og má verða, að hún geri oss gagn með því að athuga af vorri hálfu og benda á, ef sambandsríki vort kynni að setja í löggjöf sína eða önnur fyrirmæli oss óheppileg eða löglaus ákvæði. Og auðvitað er sama að segja frá sjónarmiði Dana. En þeim mönnum, sem hrýs hugur við þeim áhrifum, sem íslensk löggjöf kynni að verða fyrir af nefnd þessari, má benda á það, að helmingur verður skipaður íslenskum mönnum, og ættu þeir eigi fremur að taka við áhrifum en veita þau frá sjer, enda er nefndin að eins *ráðgefandi,* eins og skýrt er tekið fram í gr. Og að eins tekur greinin til stjórnarfrv. þeirra, er þar segir, en eigi til þingmannafrv. Orðalag gr. útilokar þetta fyrst og fremst, og í annan stað væri ómögulegt að nota ákvæði gr. um þingmannafrv., því að stjórnin ræður engu um framlagning þeirra á þingi eða meðferð.

Um 17. gr.

Er vísað til II. og IV. kafla.

Um 18. gr.

Samningsslit samkvæmt þessari grein orka því, að samfjelag um konung einn yrði eftir. Ríkin hefðu þá felt burt jafnrjettisákvæðin í 6. gr., umboðið samkv. 7. gr. og önnur atriði samningsins, sem haldist kynnu að hafa næstu 25 árin og eigi er ákvæði um til fullnaðar í honum, svo sem skuldaskiftin í 13. gr. og sjóðirnir í 14. gr. Danir telja, að samningsslitin hljóti að valda skilnaði, og samningamenn þeirra óskuðu því, að þau færu eigi fram, nema sýnt væri, að eindreginn þing- og þjóðarvilji stæði á bak við. Íslensku samningamennirnir ljetu til við þá svo langt sem greinin segir, og nefndirnar geta eigi sjeð, að þar af þurfi að stafa nein hætta. Um atkvæðamagn í þinginu er sama krafa gerð sem um samþykt laga í sameinuðu Alþingi. Og vegna

kröfunnar um það, að 75% greiddra atkvæða verði að vera með samningsslitum, hefir eigi heyrst óánægja. Við hitt, að einnig þurfi 75% kosningabærra manna að taka þátt í atkvæðagreiðslunni, eru sumir eigi óhræddir. En með þessu er þó eigi krafist meira en að $^{9}/_{16}$ eða 56,25% allra atkvæðisbærra manna í landinu greiði atkvæði með samningsslitum. Ótti manna er á því bygður, að eigi muni fást nægur fjöldi kjósenda, því að svo margir muni eigi taka þátt í atkvæðagreiðslu. Með því skipulagi, sem á var 1908 og 1911, er hver maður skyldi koma á einn og sama ákveðinn stað í hreppi hverjum sama dag, var kosningahluttakan þó 75,7% og 78,4% af öllum þeim, er á kjörskrá voru. Fyrir þeim, sem hræddir eru við þessa kröfu um hluttökuna, mun það vaka, að atkvæðagreiðslu þurfi að haga eins og nú er hagað atkvæðagreiðslu við kosningar til Alþingis. Og ef svo væri, væri þá sönnu nær, að svo mikil hluttaka gæti verið erfiðleikum bundin í viðlendum hreppum, eftir að bæði konur og hjú hafa fengið atkvæðisrjett. En það er alger misskilningur, að atkvæðagreiðslan eftir 18. gr. þurfi að fara fram með þeim hætti. Íslenska ríkinu er það alveg í sjálfsvald sett, hvernig það hagar henni, því að í 18. gr. er þess að eins krafist, að *þátttakan* í atkvæðagreiðslunni verði svo sem þar segir, en engin skilyrði sett um það, hvernig henni skuli *hagað*. Það má því setja svo marga kjörstaði í hverjum hreppi sem þurfa þykir, til þess að allir geti sótt. Einnig má láta hvern kjósanda greiða atkvæði á heimili sínu eða þar sem hann er staddur, og er slíkt sjálfsagt um þá, sem eigi eru heimanfærir eða utan hrepps síns eða kaupstaðar, eins og nú er um alþingiskjósendur, samkv. lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. Svo má og taka fleiri en einn dag til atkvæðagreiðslu, svo að menn mættu fara til skiftis hver af sínu heimili. Og loks, ef eigi þætti enn nægilega trygt, mætti skylda menn til að greiða atkvæði, að við lögðum háum sektum eða rjettindamissi, svo sem dæmi eru til í Belgíu, á Spáni, í sumum sambandsríkjum í Svisslandi og víðar.

Um 19. gr.

Vísast til II. og IV. kafla. Þó verður að láta þess getið, að nefndirnar telja það lífsnauðsyn þjóðarinnar, eftir því sem nú er högum komið í heiminum, að það sje trygt, að styrjaldarþjóðirnar fái sem fyrst, jafnskjótt sem lögin ganga í gildi, tilkynning um það, að Ísland sje fullvalda ríki og lýsi yfir hlutleysi sínu og vilji vera hlutlaust, hvernig sem fari um hlutleysi sambandsríkisins. Af sömu ástæðum liggur í augum uppi, að eigi síðar en öðrum þjóðum er birt hlutleysisyfirlýsing vor verður og að tilkynna þeim, að vjer höfum íslenskan fána á skipum vorum, og lýsa honum fyrir þeim. Í þessu sambandi skora nefndirnar á stjórnina að sjá um, að gefinn verði út konungsúrskurður um íslenskan þjóðfána og siglingafána eigi síðar en lög þessi ganga í gildi.

Um 20. gr.

Rök þau, er greinir í athugasemd við 19. gr., renna til þess, að lagt er til, að lögin gangi svo fljótt í gildi, sbr. og ummæli Gjelsviks háskólakennara, sem getið er í II. kafla bls. 3.

IV.

Í umræðum um málið í neðri deild hefir verið farið út í samanburð á frv. því, sem hjer liggur fyrir, og frv. millirikjanefndarinnar 1908 og frv. Alþingis 1909. Af því að kent hefir af hendi andmælanda frv. í Nd. misskilnings eða hlutdrægni í dómi hans á kostum og löstum frv. þessa og hinna frv., skulum vjer leyfa oss að gera hjer stuttan samanburð. Skulu þá fyrst athuguð frv. frá 1908 (kallað hjer: 1908) og frv. það, sem nú er lagt fyrir þingið (kallað 1918).

A.

Í 1908 er *fullveldi* landsins hvergi nefnt nje viðurkenning þess veitt. Fyrirsögn frv. heitir: »Uppkast að lögum um *ríkisrjettarsamband* Danmerkur og Íslands« (á dönsku: »det *statsretlige* Forhold mellem Danmark og Island«). »*Ríkisrjettarsamband*« milli tveggja landa táknar það, að annað hlýtur að vera hinu æðra eða þau bæði lúta vilja þriðja aðilja, með öðrum orðum: Að annað land(ið) getur skipað hinu og skuldbundið það án vilja þess. Annað mál er það, að orkað hefir tvímælis, hvort þetta heiti á sambandi því, er til var stofnað með 1908, var rjett, af því að 1908 var til orðið fyrir *samningagerð* tveggja aðilja. En það, að þetta heiti var haft, hlaut að veikja og vekja efa um rjettmæti þeirrar ályktunar, að Ísland hefði orðið fullvalda ríki eftir 1908.

Enn fremur orkaði orðalag 1. gr. 1908 mjög tvímælis. Ísland er þar nefnt í danska textanum »et frit og selvstændigt, uafhændeligt Land, forbundet med Danmark ved fælles Konge og ved de fælles Anliggender, som efter gensidig Overenskomst fastsættes i denne Lov, og danner saaledes sammen med Danmark en Statsforbindelse, det samlede danske Rige« — (Á íslensku nákvæmlega þýtt: »frjálst og sjálfstætt land, sem eigi verður af hendi látið, í sambandi við Danmörk um sameiginn konung og þau sammál, sem samkvæmt gagnkvæmum samningi eru ákveðin í lögum þessum, og er því í ríkissambandi við Danmörk, er nefnist Sameinaða danska ríkið«). Er því gert ráð fyrir *einu* ríki, en eigi tveimur, *sameiginleg* mál ákveðin, þar sem annað ríkið, Danmörk, bindur hitt með athöfnum sínum eða athafnaleysi. Alt orðalag 1. gr. 1908 orkaði hjer á landi svo mjög tvímælis, að þetta átti eigi síst þátt í falli þess. Orðið »ríki« (»Stat«) finst eigi um Ísland í texta 1908.

Í 1918 segir í 1. gr., jafnskýrt í báðum textum, að bæði Danmörk og Ísland sjeu »*frjáls og fullvalda ríki*« (*frie og suveræne Stater*«). Samkvæmt 1918 verða *ríkin tvö*, bæði jafnrjetthá og fullvalda. Sambandið er ómótmælanlega *þjóðrjettarsamband*, en eigi ríkisrjettarsamband. Sjá að öðru leyti II. kafla álits þessa.

Í 1. gr. 1918 segir enn fremur, að ríkin sjeu sameinuð »um einn og sama konung og um samning þann, er felst í þessum sambandslögum«. Hjer segir eigi, að nokkur málefni skuli vera *sameiginleg* samkvæmt samningi, að öðru leyti en því sem sameiginlegir hagsmunir (sbr. 12. og 16. gr.) eða vilji beggja, er breyta má einhliða hve nær sem vill (sbr. 8.—10. gr.) eða eftir 25 ár samkvæmt 18. gr., segir til, og er þetta eigi frábrugðið samningum, er ríki gera sín á milli. Og eins og áður segir í II. kafla, eru engin mál sameiginleg, því

að umboð til meðferðar ákveðinna mála (sbr. 7. gr.) gera þau mál eigi heldur *sameiginleg* í þeirri merkingu, sem það orð hefir í lagamáli voru.

Í 1918 er Ísland nefnt ríki (Stat) eigi síður en Danmörk, sjá 1., 2., 3., 5., 6. 3. mgr., 9., 12., 16., 2. og 3. mgr., og 19. gr. Aftur er orðið »land« (Land) haft um bæði ríkin í 4., 6. gr. 5. mgr., 11., 15., 16., 4. mgr., og 17. gr. Enn fremur er orðið »land« haft um önnur (fullvalda) ríki í 4., 6. 5. mgr. og 7. gr. 4. mgr.

B.

Samanburður á *einstökum fyrirmælum* 1908 og 1918 sýnir það, er hjer greinir:

I.

Það er eigi tekið fram í 1908, að *að eins* núgildandi skipun í Danmörku um konungserfðir, rjett konungs til að vera þjóðhöfðingi í öðru landi, um trúarbrögð konungs, lögræði hans, um meðferð konungsvalds þegar konungur er ólögráður, sjúkur eða fjarverandi, gildi á Íslandi.

Í 1918 er skýrt sagt í 2. gr., að núverandi ríkiserfðalögum verði eigi breytt, nema með samþykki beggja ríkja. Í 1918 3. gr. segir, að að eins núgildandi skipun Danmerkur um trúarbrögð konungs o. s. frv. skuli gilda á Íslandi. Af því leiðir, að þessum reglum verður eigi breytt, nema Ísland samþykki, svo lengi sem samband ríkjanna um konung stendur. Í 1918 4. gr. segir berum orðum, að konungur megi eigi vera þjóðhöfðingi í öðrum löndum, nema *bæði* Ríkisþing *og* Alþingi samþykki. En eftir 1908 2. gr. var nóg, ef Ríkisþing samþykti það, því að lögleiða skyldi 4. gr. grvl. Dana, en þar er samþykki Ríkisþingsins eins ákveðið nægilegt til þess að konungur gerist þjóðhöfðingi í öðrum löndum, svo að ekki hefði þurft að spyrja Ísland um það.

Sameiginlegt, óuppsegjanlegt mál áttu eftir 1908 greiðslur af almannafje til konungs og konungsættar að vera, eftir 3. gr. 1. lið, og í 7. gr. var svo fyrir mælt, að þessar greiðslur skyldu ákveðnar um 10 ár í senn með konungsúrskurði, er forsætisráðherra Dana og ráðherra Íslands meðundirritaði, og upphæðirnar ákveðnar eftir tekjum Danmerkur og Íslands.

Eftir 1918 ræður hvort ríki þessu án íhlutunar hins, 5. gr.

II.

1. *Hermál* skyldu eftir 1908 vera óuppsegjanlega sameiginleg og sæta meðferð Dana, 3. gr. 3. tl. og 6. gr., sbr. 9. gr., og Ísland því í ófriði, ef Danmörk lenti í stríði. Eftir 1918 skilta hermál Danmerkur Ísland engu máli, sbr. 19. gr. og aths. nefndanna um hana. Íslendingar búsettir í Danmörku eru, þrátt fyrir jafnrjettisákvæði 6. gr. 1. mgr., eigi herskyldir í Danmörku, 6. gr. 2. mgr.

2. *Utanríkismál* skyldu einnig eftir 1908 vera sameiginleg óuppsegjanlega, 3. gr. 2. tölul., sbr. 9. gr. Danir áttu einir að fara með þau »eftir umboði« eða »fyrir hönd Íslands« (»paa Islands Vegne«), en engin þátttaka var Íslandi heimiluð í meðferð þessara eða annara sameiginlegra mála, nema Ríkisþing Danmerkur samþykti það með lögum, enda skyldi Ísland eigi taka þátt í kostnaði af þeim, nema konungsmótu og greiðslum til konungsættar, 6. gr.

Eftir 1918 eru utanríkismál Íslands og Danmerkur eigi sameiginleg. Danir eru þar einungis umboðsmenn vorir *næstu 25 ár*, og lengur, ef vjer breytum því eigi með samningi eða uppsögn samkvæmt almennum þjóðrjettarreglum eða ákvæðum 18. gr.

Meðferð Dana á utanríkismálum Íslands 1908 var þeim einum takmörkunum bundin, að samninga, sem sjerstaklega varða Ísland, gátu þeir eigi gert, nema Ísland tæki þátt í því (»Medvirkning«), 3. gr. 2. tl.

Eftir 1918 er umboðið svo takmarkað, að yfir höfuð enginn millirikjasamningur, sem Danmörk gerir eftir staðfestingu sambandslaganna, gildir á Íslandi, nema íslensk stjórnarvöld *samþykki* (»Samtykke«). Og samningar, gerðir fyrir þann tíma, gilda á Íslandi því að eins, að þeir hafi birtir verið. Ísland er því við enga leynisamninga bundið. Engin slík takmörkun var í 1908. Sjá 1918, 7. gr. 4. mgr.

Í 1908 var eigi sjeð fyrir því, að menn með sjerþekkingu á íslenskum högum verði í stjórn eða starfi utanríkismála. Öll slík þátttaka af Íslands hálfu var, samkvæmt 6. gr., háð því skilyrði, að Ríkisþing Dana samþykti lög um þau efni.

Í 1918 er svo fyrir mælt, *að* vjer getum sett trúnaðarmann vorn í utanríkisráðuneytið til þess að gegna þar málum vorum, *að* vjer getum krafist þess, að sendir verði á vorn kostnað (m. ö. o. íslenskir sendimenn) sendiherrar eða ræðismenn á þá staði, þar sem Danmörk hefir eigi sendiherra eða sendiræðismenn, *að* vjer eigum einnig heimting á því, að trúnaðarmaður vor sje á vorn kostnað settur í hverri sendisveit og ræðismannsembætti, og að vjer getum sent, í samráði við utanríkisráðherra, fulltrúa vora til annara ríkja til þess að semja um sjerstök íslensk málefni, sjá 7. gr. 2. og 3. málsgr.

Um utanríkismál Danmerkur og Íslands *hvors gagnvart hinu* var eitt ákvæði í 1908 4. gr., er svarar til 1918 12. gr., þó svo, að í 12. gr. kemur í rauninni óbeinlínis fram, að Ísland sje fullvalda ríki, en slíkt verður síður ályktað af 1908 4. gr. Í 1918 12. gr. er talað um samningagerðir milli Íslands og Danmerkur um málefni, sem trauðla mundi samið um milli eins fullvalda og annars ófullvalda ríkis, svo sem *dómgæslu* (»Retspleje«), eins og um aðfararhæfi dóma annars ríkis í hinu, framsal afbrotamanna o. s. frv. Sbr. aths. dönsku og íslensku samningamannanna við 12. gr.

Ekki var neitt fyrirmæli 1908 um hagsmunagæslu hvors landsins í hinu. Í 1918 15. gr. segir svo, að hvort land ráði þessu fyrir sitt leyti. Getur Ísland því haft sendiherra, ráðherra eða ræðismann eða umboðsmann með hvaða nafni sem vill í Danmörku. Og Danmörk slíkt hið sama á Íslandi.

3. *Þegnrjettur* var sameiginlegur eftir 1908, þó svo, að hvort land gat veitt hann, svo að skuldbindi hitt. Þessu ákvæði mátti segja upp að 37 árum liðnum, sjá 1908 3. gr. 5. tl., sbr. 9. gr.

Eftir 1918 er þegnrjettur *þegar* sjerstakur í hvoru ríki. Sjá 1918 6. gr. 1. mgr. og aths. d. og isl. nefndarmannanna.

4. Peningasláttan var eftir 1908 sameiginleg, en uppsegjanleg eftir 37 ár, sjá 3. gr. 6. tl., sbr. 9. gr.

Eftir 1918 getur Ísland, þegar það vill, tekið peningasláttuna í sínar hendur, sjá 1918 9. gr.

5. *Hæstarjett* gat Ísland til sín tekið eftir 1908, ef það gerði breyting á dómaskipun (»Retsvæsen«) landsins. Þetta ákvæði orkaði tvímælis að nokkru leyti, enda tæplega nægilega skýrt, sjá 1908, 3. gr. 7. tl. Eftir 1918 10. gr. tekur Ísland æðsta dómsvaldið í landið skilmálalaust, þegar það vill. Eftir 1908 mátti setja *danskan* mann dómara í hæstarjett Danmerkur til þess að gæta sjerstaklega íslenskra dómsmála, ef kalla mátti hann hafa sjerþekkingu í íslenskum lögum og kunnan íslenskum högum. Eftir 1918 *verður* slíkur maður að vera *Íslendingur*.

6. *Kaupfáninn* út á við skyldi eftir 1908 vera sameiginlegur, en segja mátti því ákvæði upp eftir 37 ár. Sjá 1908, 3. gr. 8. tl., sbr. 9. gr. Eftir 1918 tekur samningurinn ekki til þessa máls, og tekur Ísland því sinn kaupfána þegar er sambandslögin öðlast gildi.

7. Gæsla landhelgi Íslands skyldi eftir 1908 vera í höndum Danmerkur, þó svo að Íslandi var áskilinn rjettur til að auka hana *eftir samningi við Danmörk*, 1908, 3. gr. 4. tl. Segja mátti þessu ákvæði upp eftir 37 ár, 9. gr. Samkv. 1918 8. gr. tekur Ísland gæslu landhelgi sinnar þegar það vill.

8. *Jafnrjettisákvæði*. Eftir 5. gr. 1908 1. mgr. skyldu Danir á Íslandi og Íslendingar í Danmörku njóta sama rjettar að öllu leyti. Þetta ákvæði var alls eigi uppsegjanlegt samkvæmt 9. gr. 1908. Segir og í nefndaráliti millirikjanefndarinnar 1908, við 5. gr., að upp úr þessu ákvæði sje svo mikið lagt af hálfu nefndarinnar, að óskað sje að gera það að föstu og óbreytilegu atriði í sambandi landanna.

Í 1918 6. gr. 1. málsgr. er, þótt þegnrjettur sje þegar sjerstakur, ákvæði sama efnis og því sömu verkunar, en sá er munur, að því má segja upp eftir 25 ár samkvæmt 18. gr.

Eftir 1908 voru Íslendingar, búfastir í Danmörku, eigi undanþegnir *herskyldu*, og því eftir bæði þágildandi og núgildandi dönskum herskyldulögum undirorpnir þeirri skyldu. En eftir 1918 6. gr. 2. mgr. eru Íslendingar skýlaust herskyldu undanþegnir, þótt búsettir sjeu í Danmörku.

Eftir 1908 5. gr. 2. mgr. skyldu forrjettindi íslenskra námsmanna við Kaupm.hafnarháskóla haldast. En samkv. 1918 13. gr. 2. mgr. falla þau burt, en sjóður stofnaður að nokkru af þeirri innstæðu, er vextir hennar hafa gengið til námsstyrks íslenskra stúdenta við Kaupmannahafnarháskóla.

Eftir 1908 5. gr. 3. málsgr. skyldu Danir og Íslendingar vera jafnsettir um rjett til fiskiveiða í landhelgi Íslands og Danmerkur, meðan Danir hefðu á hendi fiskiveiðagæslu í íslenskri landhelgi, eða hið skemsta 37 ár.

Samsvarandi ákvæði er í 1918 6. gr. 3. málsgr., með þeim mun, að ákvæðinu má segja upp eftir 25 ár.

Í 1918 6. gr. 4. og 5. málsgr. eru ákvæði um jafnrjetti skipa og um það, að vörur, afrek og uppgötvanir annars landsins skuli eigi sæta óhagstæðari meðferð í hinu landinu en vörur nokkurs annars lands, m. ö. o.: Ívilnunarákvæði, sem eigi eru ótíð í millirikjasamningum.

9. *Fjárreiður*. Eftir 1908 7. gr. 2. mgr. skyldi Danmörk greiða Íslandi eitt skifti fyrir öll $1^1/_2$ miljón kr. Eftir 1918 14. gr. geldur Danmörk 2 milj., og skal stofna af þeirri fjárhæð 2 sjóði til styrkingar andlegu sambandi milli landanna og til íslenskra vísindaiðkana, svo og námsstyrks handa íslenskum

námsmönnum. Helmingurinn 1 miljón, hverfur undir íslensk yfirráð, en hinn undir dönsk.

Að sjálfsögðu kostar Ísland fyrirsvar fyrir sig í Khöfn, og greiðsla Danmerkur til skrifstofu Íslands þar fellur úr sögunni, 1918 13. gr. 1. mgr.

10. Um eftirlit hvors lands með löggjöf hins til framkvæmdar samningnum og annara mála, er báða aðilja skifta, eru engin ákvæði í 1908. Hvort uppburður Íslandsmála fyrir konungi í ríkisráði Danmerkur skyldi haldast eftir 1908, eða eigi, hefir sumum þótt óvíst, en aðrir fullyrða, að hann hefði haldist, sbr. þó aths. við 6. gr. 1908. Eftir 1918 16. gr. er stofnað til *ráðgjafarnefndar*, er geri athugasemdir um lagafrumvörp, er varða framkvæmd sambandslaganna beinlínis eða mál, er fara skal með með hliðsjón af ákvæðum þeirra.

11. Oddamaður í gerðardómi um ágreining út af því, hvort mál væri *sameiginlegt eða eigi*, skyldi *dómstjóri hæstarjettar Danmerkur* vera eftir 1908 8. gr. Eftir 1918 17. gr. skal oddamaður í gerðardómi út af ágreiningi um *skilning á sambandslögunum* vera *kjörinn af norsku og sænsku stjórninni til skiftis.*

12. Eftir 1908 voru þessi mál því *óuppsegjanlega sameiginleg,* auk konungssambandsins og ákvæða 2. gr.:

a. Konungsmata og borðfje konungsættar.
b. Utanríkismál.
c. Hermál og
d. Jafnrjetti þegnanna, Íslendinga í Danmörku og gagnkvæmt.

Eftir 1918:

a. Konungsmötu og borðfje konungsættar ákveður hvort ríkið um sig, og er slík ákvörðun hinu óviðkomandi.
b. Hermál Danmerkur eru Íslandi með öllu óviðkomandi.
c. Umboð vort samkv. 7. gr. til Danmerkur til meðferðar utanríkismála vorra er afturtækt að 25 árum liðnum.
d. Jafnrjettisákvæði 6. gr. er uppsegjanlegt að 25 árum liðnum.

Hæstarjett er væntanlega líkt um eftir 1908 og 1918. Sjá þó að ofan.

Eftir 37 ár gat Ísland tekið til sín eftir 1908:

a. Peningasláttu.
b. Þegnrjett.
c. Kaupfána.
d. Landhelgisgæslu.

Eftir 1918:

a. Þegnrjettur þegar aðskilinn.
b. Fáni einnig.
c. Peningasláttu og
d. Landhelgisgæslu tekur Ísland í sínar hendur, er það vill.

Ákvæði 1908 9. gr. um samfjelagsslit málanna a—b og ákvæði 1918 18. gr. um slit samnings þess, er í lagafrv. því felst, sem hjer liggur fyrir, eru mismunandi, að því leyti, að samþykki Alþingis eða Ríkisþings er nóg eftir 1908, en hjer þarf $^2/_3$ Alþingis og atkvæðagreiðslu kjósenda, þannig að samningnum verður eigi slitið, nema $^9/_{16}$ eða 56,25% þeirra, sem á kjörskrá verða, greiði atkvæði með því. Sjá III. kafla, aths. við 18. gr.

Eftir 37 ár hefði sambandið milli Íslands og Danmerkur eftir 1908, og ef uppsagnarákvæðum 9. gr. hefði verið beitt, verið þannig:

a. Konungur og konungsætt hin sama.
b. Önnur mál óuppsegjanlega sameiginleg og undir forræði Danmerkur samkvæmt 1908, 6., sbr. 7. gr.:
   1. Utanríkismál og
   2. Hermál.
   3. Konungsmata og borðfje konungsættar ákveðin af báðum löndum samkv. 6. gr.
c. Jafnrjettisákvæði þegnanna samkv. 5. gr. 1. og 2. málsgr.

Og svo auðvitað, að 4., 6., 7., 1. mgr., og 8. gr. frv. 1908 hefðu haldið gildi sínu.

Eftir frv. 1918 getur sambandið verið þannig eftir 25 ár,

Að konungssambandið eitt standi og að öðru leyti sje ekkert rjettarsamband milli landanna, annað en það, sem er að alþjóðalögum milli fullvalda og siðaðra ríkja. Ísland getur áður en 25 ár eru liðin hafa ráðstafað samkvæmt frv. eftir vild öllum málum sínum, nema umboðinu til meðferðar utanríkismálanna eftir 7. gr. og að því leyti sem það er bundið við jafnrjettisákvæði 6. gr. En umboðið eftir 7. gr. getur það tekið aftur eftir 25 ár og einnig numið brott jafnrjettisákvæðið að sama tíma liðnum.

Frv. 1908 töldu margir mikla framför, ef miðað var við ástand það, sem nú ríkir og samband landanna hefir hvílt á um hríð í verki og framkvæmd, þó að löglaust hafi verið að dómi flestra hjerlandsmanna. Og er þó hverjum manni sýnilegt, að frv. 1918 er annars eðlis, gleggra og fer alla leið til fullveldis landinu til handa, bæði í orði og í verki, eins og fullsannað hefir verið í II. og III. kafla álits þessa.

Samanburður á frv. 1909 (Alþingistíð. 1909 A, þingskjal 693, bls. 1084, hjer kallað 1909) *og 1918.*

Ákvæði 1. og 2. gr. 1909 um konungssambandið eru að efni til lík og 1918. Í 1. gr. er þó beint sagt, að Ísland og Danmörk skuli vera í *sambandi* um ýms mál önnur, og er það í samræmi við 3. gr. Í 1909 vantar fyrirmæli svarandi til 2. gr. 1918, um breytingu ríkiserfðalaga, og 4. gr., um rjett konungs til að vera þjóðhöfðingi í öðrum löndum. Eftir 1909 er ekki sjerstaklega áskilið samþykki Íslands til að breyta ríkiserfðalögunum eða til þess að konungur mætti ráða fleiri ríkjum. Hins vegar var áskilið 1909, 2. gr., að Ísland gæti sett sjerákvæði um lögræði konungs. En slíkt hefði varla þótt heppilegt, því að með því móti hefði getað staðið svo á, að ríkisstjóri danskur færi með konungsvald á Íslandi, þótt konungur þess, sem eigi var lögráður eftir þess lögum, færi með konungsvald í Danmörku.

Þegnrjettur og *fáni* var þegar sjerstakur hvoru ríki eftir 1909 og hermál Danmerkur eigi nefnd og því Íslandi óviðkomandi. Ekkert ákvæði er þó í 1909, er svarar til 1918 19. gr.

Hin málin, sem kölluð eru »*sambandsmál*« Íslands og Danmerkur (konungsmata, utanríkismál, hæstirjettur, peningaslátta og fiskiveiðagæsla) voru uppsegjanleg eftir 26 ár, 3. gr., sbr. 5. og 7. gr.

Frv. 1909 fór því skemmra um peningaslátt, fiskiveiðagæslu og kon-

ungsmötu en 1918. Um hæstarjett er líkt um skipun sjerfróðs manns í íslenskum lögum og í 1908.

Fjárreiðunum er skipað á sama hátt sem í 1908, sjá 1909 4. gr., 2. mgr., og 6. gr.

Ákvæði um jafnrjetti Dana á Íslandi og Íslendinga í Danmörku eru sama efnis sem í 1908 5. gr., 1.—3. málsgr., og 1918 6. gr., 1. og 3. málsgr. Sjá III. kafla um 6. gr. Íslendingar í Danmörku áttu því að vera þar herskyldir, eins og eftir 1908, og forrjettindi íslenskra námsmanna í Kaupmannahöfn áttu að haldast.

Ísland átti ekkert að greiða fyrir meðferð sambandsmálanna, enda engin fyrirmæli um það, að Ísland sendi sjálft menn til samninga til annara ríkja eða að skylt væri að hafa menn með þekkingu á íslenskum högum í utanríkisráðuneytinu eða annarsstaðar þau 26 ár, er Danir færu með utanríkismál Íslands. Takmörkun á umboði til samningagerðar fyrir Ísland var líka eftir 1909 og 1918. Engin ákvæði voru um gæslu hagsmuna Íslands í Danmörku. Ekkert var heldur svarandi til 12. eða 16. gr. 1918. Gerðardómsákvæði var og alveg slept, svo að eigi er kostur að sjá, hvernig ráða skyldi fram úr ágreiningi um skilning laganna.

Ákvæðum um konungssamband og konungsmötu og borðfje konungsættar varð eigi sagt upp eftir 1909 7. gr. Hinu mátti segja upp, og gat Ríkisþing eða Alþingi hvort um sig gert það, enda þurfti eigi að leita atkvæða kjósenda.

Alþingi, 5. september 1918.

Magnús Pjetursson,
form. Nd. nefndar og samvinnunefndar.

Karl Einarsson,
form. Ed. nefndar.

Bjarni Jónsson frá Vogi,
ritari.

Jóh. Jóhannesson,
ritari Ed.

Matth. Ólafsson.

Magnús Guðmundsson.

Eggert Pálsson.

Jón Jónsson.

Sveinn Ólafsson.

Guðm. Ólafsson.

Einar Arnórsson.

Fylgiskjal I.

Uppkast að lögum[1])
um
ríkisrjettarsamband Danmerkur og Íslands.

(Inngangur laganna, er þau hafa náð samþykki bæði Ríkisþings og Alþingis og staðfesting konungs, orðist svo:

Vjer Friðrik hinn áttundi o. s. frv.

Gerum kunnugt: Ríkisþing Danmerkur og Alþingi Íslendinga hafa fallist á og Vjer með samþykki Voru staðfest eftirfarandi lög:)

1. gr.

Ísland er frjálst og sjálfstætt land, er eigi verður af hendi látið. Það er í sambandi við Danmörk um einn og sama konung og þau mál, er báðir aðiljar hafa orðið ásáttir um að telja sameiginleg í lögum þessum. Danmörk og Ísland eru því í ríkjasambandi, er nefnist veldi Danakonungs.

Í heiti konungs komi eftir orðið: »Danmerkur« orðin »og Íslands«.

2. gr.

Skipun sú, er gildir í Danmörku um ríkiserfðir, rjett konungs til að hafa stjórn á hendi í öðrum löndum, trúarbrögð konungs, myndugleika hans og um ríkisstjórn er konungur er ófullveðja, sjúkur eða fjarstaddur, svo og um það, er konungdómurinn er laus og enginn ríkisarfi til, skal einnig gilda að því er til Íslands kemur.

3. gr.

Þessi eru sameiginleg mál Danmerkur og Íslands:

1. Konungsmata, borðfje ættmenna konungs og önnur gjöld til konungsættarinnar.

---

1) Fyrirsögn og 1. gr. er þannig í danska textanum:

Udkast til Lov
om
det statsretlige Forhold mellem Danmark og Island.

(Loven indledes, naar den er vedtagen saavel af Rigsdagen som af Althinget og stadfæstet af Kongen, med følgende:

Vi Frederik den Ottende o. s. v.

Gøre vitterligt: Danmarks Rigsdag og Islands Althing have vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:)

§ 1.

Island er et frit og selvstændigt, uafhændeligt Land, forbundet med Danmark ved fælles Konge og ved de fælles Anliggender, som efter gensidig Overenskomst fastsættes i denne Lov, og danner saaledes sammen med Danmark en Statsforbindelse, det samlede danske Rige.

I Kongens Titel optages efter Ordene: »Konge til Danmark« Ordene: »og Island«.

2. Utanríkismálefni. Enginn þjóðasamningur, er snertir Ísland sjerstaklega, skal þó gilda fyrir Ísland, nema rjett stjórnarvöld íslensk samþykki[1]).

3. Hervarnir á sjó og landi ásamt gunnfána, sbr. þó 57. gr. stjórnarskrárinnar frá 5. janúar 1874.

4. Gæsla fiskiveiðarjettar þegnanna, að óskertum rjetti Íslands til að auka eftirlit með fiskiveiðum við Ísland eftir samkomulagi við Danmörk.

5. Fæðingjarjettur. Löggjafarvald hvors lands um sig getur þó veitt fæðingjarjett með lögum, og nær hann þá til beggja landa.

6. Peningaslátta.

7. Hæstirjettur. Þegar gerð verður breyting á dómaskipun landsins, getur löggjafarvald Íslands þó sett á stofn innanlands æðsta dóm í íslenskum málum. Meðan sú breyting er eigi gerð skal þess gætt, er sæti losnar í hæstarjetti, að skipaður sje þar maður, er hafi sjerþekkingu á íslenskri löggjöf og kunnugur sje íslenskum högum[2]).

8. Kaupfáninn út á við.

4. gr.

Öðrum málefnum, sem taka bæði til Danmerkur og Íslands, svo sem póstsambandið og ritsímasambandið milli landanna, ráða dönsk og íslensk stjórnarvöld í sameiningu. Sje um löggjafarmál að ræða, þá gera löggjafarvöld beggja landa út um málið.

5. gr.

Danir og Íslendingar á Íslandi og Íslendingar og Danir í Danmörku njóta fulls jafnrjettis.

Þó skulu forrjettindi íslenskra námsmanna til hlunninda við Kaupmannahafnarháskóla óbreytt. Svo skulu og heimilisfastir Íslendingar á Íslandi hjer eftir sem hingað til vera undanþegnir herþjónustu á sjó og landi.

Um fiskiveiðar í landhelgi við Danmörk og Ísland skulu Danir og Íslendingar jafnrjettháir meðan 4. atriði 3. gr. er í gildi.

---

1) Í danska textanum hljóðar þessi liður svo:
2. De udenrigske Anliggender, dog saaledes at ingen Traktat, der særlig vedrører Island, skal kunne gøres gældende for Island uden vedkommende islandske Myndigheders Medvirkning.

2) Þessi liður hljóðar svo í danska textanum:
7. Højesteret, dog at den islandske Lovgivningsmagt ved Omordning af Retsvæsenet kan oprette en øverste Domstol for islandske Sager i Landet selv. Ved indtrædende Ledighed i Højesteret drages imidlertid Omsorg for Beskikkelse af et Medlem, som er særlig kyndig i islandsk Ret og kendt med islandske Forhold.

6. gr.

Þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, er Ríkisþing og Alþingi setja og konungur staðfestir, fara dönsk stjórnarvöld einnig fyrir hönd Íslands með mál þau, sem eru sameiginleg samkvæmt 3. gr. Að öðru leyti ræður hvort landið að fullu öllum sínum málum.

7. gr.

Meðan Ísland tekur engan þátt í meðferð hinna sameiginlegu mála, tekur það heldur ekki þátt í kostnaði við þau; þó leggur Ísland fje á konungsborð og til borðfjár konungsættmenna hlutfallslega eftir tekjum Danmerkur og Íslands. Framlög þessi skulu ákveðin fyrirfram um 10 ár í senn með konungsúrskurði, er forsætisráðherra Dana og ráðherra Íslands undirskrifa.

Ríkissjóður Danmerkur greiðir landssjóði Íslands eitt skifti fyrir öll 1500000 kr., og eru þá jafnframt öll skuldaskifti, sem verið hafa að undanförnu milli Danmerkur og Íslands, fullkomlega á enda kljáð.

8. gr.

Nú rís ágreiningur um það, hvort málefni sje sameiginlegt eða eigi, og skulu þá stjórnir beggja landa reyna að jafna hann með sjer. Takist það eigi, skal leggja málið í gerð til fullnaðarúrslita. Gerðardóminn skipa 4 menn, er konungur kveður til, tvo eftir tillögu Ríkisþingsins (sinn úr hvorri þingdeild) og tvo eftir tillögu Alþingis. Gerðarmennirnir velja sjálfir oddamann. Verði gerðarmenn ekki á eitt sáttir um kosningu oddamannsins, er dómsforseti hæstarjettar sjálfkjörinn oddamaður.

9. gr.

Ríkisþing og Alþingi getur hvort um sig krafist endurskoðunar á lögum þessum þegar liðin eru 25 ár frá því er lögin gengu í gildi. Leiði endurskoðunin ekki til nýs sáttmála innan 3 ára frá því er endurskoðunar var krafist, má heimta endurskoðun af nýju á sama hátt og áður, að 5 árum liðnum frá því nefndur 3 ára frestur er á enda. Nú tekst ekki að koma á samkomulagi meðal löggjafarvalda beggja landa innan 2 ára frá því, er endurskoðunar var krafist í annað sinn, og ákveður konungur þá, með 2 ára fyrirvara, eftir tillögu um það frá Ríkisþingi eða Alþingi, að sambandinu um sameiginleg mál þau, er ræðir um í 4., 5., 6., 7. og 8. tölulið 3. greinar, skuli vera slitið að nokkru eða öllu leyti.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi . . . .

Fylgiskjal II.

Frumvarp

til laga um samband Danmerkur og Íslands.

Eins og það var samþykt á Alþingi 7. maí 1909.

1. gr.

Ísland er frjálst og fullvalda ríki í sambandi við Danmörk um einn og sama konung og þau mál, er dönsk stjórnarvöld fara með í umboði Íslands samkvæmt sáttmála þessum.

Í heiti konungs komi eftir orðið: »Danmerkur« orðin: »og Íslands«.

2. gr.

Skipun sú, er nú gildir í Danmörku um ríkiserfðir, trúarbrögð konungs, myndugleika hans og um ríkisstjórn er konungur er sjúkur eða fjarstaddur, skal einnig gilda að því er til Íslands kemur. Sje konungur ófullveðja, gilda einnig hin sömu ákvæði og nú í Danmörku, þangað til löggjafarvald Íslands gerir þar um aðra skipan.

3. gr.

Þessi eru sambandsmál Danmerkur og Íslands:

1. Konungsmata, borðfje ættmenna konungs og önnur gjöld til konungsættarinnar.
2. Utanríkismálefni. Enginn þjóðasamningur, er snertir íslensk mál, skal gilda fyrir Ísland, nema rjett stjórnarvöld íslensk eigi þátt í og leggi samþykki til.
3. Gæsla fiskiveiða í landhelgi Íslands, að óskertum rjetti Íslands til að auka hana. Meðan Danir annast strandvarnirnar njóta þeir jafnrjettis við Íslendinga að því er til fiskiveiða í landhelgi Íslands kemur, nema um annað endurgjald semji.
4. Peningaslátta.
5. Hæstirjettur, þangað til löggjafarvald Íslands setur á stofn æðsta dóm í landinu sjálfu. Meðan sú breyting er eigi gerð, skal þess gætt, er sæti losnar í hæstarjetti, að skipaður sje þar maður, er hafi sjerþekkingu á íslenskri löggjöf og kunnugur sje íslenskum högum.

4. gr.

Danir, heimilisfastir á Íslandi, skulu njóta fulls jafnrjettis við Íslendinga, og Íslendingar, heimilisfastir í Danmörku, jafnrjettis við Dani.

Þó skulu forrjettindi íslenskra námsmanna til hlunninda við Kaupmannahafnarháskóla óbreytt, nema rjettum stjórnarvöldum beggja ríkjanna semji um aðra skipan á því efni.

5. gr.

Í umboði Íslands fara dönsk stjórnarvöld með mál þau, er talin eru í

3. gr., uns uppsögn fer fram af annari hvorri hálfu, samkvæmt fyrirmælum 7. gr. Að öðru leyti ræður hvort landið að fullu öllum sínum málum.

6. gr.

Meðan Ísland tekur ekki frekari þátt í meðferð sambandsmálanna en um getur í 3. gr., tekur það heldur ekki þátt í kostnaði við þau, nema hvað Ísland leggur fje á konungsborð og til borðfjár konungsættmenna hlutfallslega eftir tekjum Danmerkur og Íslands. Framlög þessi skulu ákveðin fyrirfram um 10 ár í senn með konungsúrskurði, er forsætisráðherra Dana og ráðherra Íslands undirskrifa.

Ríkissjóður Danmerkur greiðir ríkissjóði Íslands eitt skifti fyrir öll 1500000 kr., og eru þá jafnframt öll skuldaskifti, sem verið hafa að undanförnu milli Danmerkur og Íslands, fullkomlega á enda kljáð.

7. gr.

Með eins árs fyrirvara getur Ríkisþing Dana og Alþingi hvort um sig sagt upp sáttmála þessum að nokkru leyti eða öllu, þá er 25 ár eru liðin frá því, er hann gekk í gildi. Ákvæði sáttmálans um konungssamband, sem og um borðfje til konungs og konungsættmenna, verður þó eigi sagt upp.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

III.

Breytingartillögur

við frumvarp til dansk-íslenskra sambandslaga. (Þgskj. 4).

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

1. Við 6. gr.
   Greinin orðist svo:
   Íslenskir ríkisborgarar og danskir ríkisborgarar skulu að engu leyti sæta óhagkvæmari kjörum hverir í annars ríki en ríkisborgurum nokkurs annars lands eru þar veitt.
   Slíkt hið sama gildir um afurðir og afrakstur beggja ríkjanna.
   Ríkisborgarar hvors lands eru að sjálfsögðu undanskildir herskyldu í hinu.
2. Við 7. gr.
   Greinin orðist svo:
   Danmörk fer með utanríkismál Íslands í umboði þess, þar til Ísland tekur þau sjálf til meðferðar eða gerir um þau aðra skipan.
   Þar til Ísland gerir aðra skipan má íslenska stjórnin skipa trúnaðarmann í utanríkisráðuneyti Dana til þess að starfa að íslenskum málum.
   Nú eiga Danir einhversstaðar engan sendiherra eða sendiræðismann, og skal þá skipa hann, ef íslenska stjórnin óskar og samkvæmt

hennar tilnefningu, enda greiði Ísland kostnaðinn. Með sömu skilyrðum skal skipa ráðunauta með þekkingu á íslenskum högum við sendisveitir og ræðismannaembætti þau, sem Danir hafa nú. Ef stjórn Íslands kýs að senda úr landi sendimenn á sinn kostnað til þess að semja um sjerstök íslensk málefni, má hún framkvæma það og þá jafnframt kunngera utanríkisráðuneyti Dana slíkar ráðstafanir.

Ríkjasamningar, gerðir af hálfu Danmerkur, er Ísland varða, skuldbinda ekki Ísland, nema fengið sje samþykki íslenskra stjórnarvalda.

3. 10. grein falli niður.
Greinatalan breytist samkvæmt því.

4. Við 13. og 14. grein.
Greinir þessar falli niður, en í stað þeirra komi svofeld grein, er verður 12. grein:

Ríkissjóður Danmerkur greiðir landssjóði Íslands eitt skifti fyrir öll $2^1/_2$ miljón króna.

Fjárhæð sú, að upphæð 60000 kr., sem ríkissjóður Danmerkur hefir undanfarið árlega greitt Íslandi, og kostnaður ríkissjóðs Danmerkur af skrifstofu stjórnarráðs Íslands í Kaupmannahöfn, fellur niður.

Sömuleiðis eru afnumin forrjettindi íslenskra námsmanna til hlunninda við Kaupmannahafnarháskóla.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

5. 16. grein falli niður.
Greinatalan breytist samkvæmt því.

6. Við 18. grein (sem verður 15. gr.).
Greinin orðist svo:

Eftir árslok 1940 getur Alþingi og Ríkisþing, hvort fyrir sig, hve nær sem er, krafist, að byrjað verði á samningum um endurskoðun laga þessara.

Nú er nýr samningur eigi gerður innan þriggja ára frá því að krafan kom fram, og getur þá Alþingi eða Ríkisþing, hvort fyrir sig á eigin hönd, samþykt, að samningur sá, sem felst í lögum þessum, sje úr gildi feldur. Ef annaðhvort löggjafarþingið samþykkir slíka ályktun, skal hún síðan borin undir kjósendur þá, sem atkvæðisrjett hafa við almennar kosningar til löggjafarþings þess landsins, til samþykkis eða synjunar. Nái ályktunin samþykki kjósenda í því ríkinu, skal samningurinn úr gildi fallinn og þar með orðinn fullkominn málefnaskilnaður milli ríkjanna.

Hvort ríkið um sig ákveður, hver skilyrði og reglur það setur um atkvæðagreiðslu þessa í sínu landi.

7. Við 19. grein (sem verður 16. gr.)
Greinin orðist svo:

Ísland felur Danmörku að tilkynna erlendum ríkjum hvorttveggja, að Ísland sje fullvalda ríki og jafnframt, að Ísland lýsi yfir ævarandi hlutleysi sínu og að það hafi engan gunnfána.

8. Við 20. grein (sem verður 17. gr.).
Greinin orðist svo:

Sambandslög þessi ganga í gildi 1. desember 1920.

IV.

Álit

um frumvarp til dansk-íslenskra sambandslaga. (Þgskj. 5).

Frá minni hluta fullveldisnefnda.

Á fundi fullveldisnefnda Alþingis 3. þ. m. var frumv. til dansk-íslenskra sambandslaga borið undir atkvæði óbreytt, og gat jeg eigi ljeð því atkvæði mitt.

Skal því hjer gerð nokkur grein fyrir, hvers vegna jeg get ekki ráðið til, að frumvarpið, þannig lagað, nái samþykki Alþingis, eftir því er tími hefir til unnist.

Vjer Íslendingar höfum haldið því fram, að Ísland væri að rjettum lögum, sakir aðstöðu og þjóðernis, fullvalda ríki, í einberu konungssambandi við Danmörk, og hefir sú skoðun fengið æ fleiri formælendur, bæði meðal erlendra fræðimanna og bestu manna sambandsþjóðar vorrar, Dana.

Slíkur fullveldisrjettur landsins, afdráttarlaus og skilyrðislaus, hlýtur því að vera sá grundvöllur, er samningar eru bygðir á.

Að formi til má heita, að frv. fullnægi þessari kröfu, þar sem annars vegar er ætlast til, að vjer eftir aldarfjórðung eigum að vera einráðir þess að hafa eigi annað sameiginlegt með Dönum en konunginn einan, og hins vegar eru öll sammál þjóðanna til þess tíma þeim miðluð af fullveldi voru með friðindum þeim, hlunnindum og ítökum, er þar með fylgja.

En eins og fullvalda ríki getur afsalað öðru ríki fullveldi sínu yfirleitt, eins getur það afsalað því að sumu leyti eða fjötrað svo fullveldi sitt, að það sje í raun og veru eigi fullrátt gerða sinna.

Í frumvarpi því, er hjer um ræðir, eru slíkir fjötrar á oss lagðir, því að ákvæði, sem þar eru, binda oss á höndum og fótum og hljóta að verða afarhættuleg sannarlegu fullveldi landsins, þjóðerni voru og efnalegu sjálfstæði, ákvæði, sem oss að öllu er þarflaust að samþykkja.

Fullnægjandi ástæður til að víkja frá beru konungssambandi og gera málefnasáttmála við Dani, þótt um sinn sje, verða að eiga rót í þörf vorri, hagsmunum og aðstöðu allri. Frekar er óverjandi að ganga. Af þessum sökum má til sanns vegar færa, að Danir fari um sinn að nokkru með *utanríkismál* vor, hafi á hendi *myntsláttu* og *æðsta dómsvald*, svo og gæslu landhelginnar.

Eru þetta alt málefni, sem þeir hafa haldið dauðahaldi í og þeim kostnaðarlaust eða kostnaðarlítið með að fara — myntsláttan bein tekjugrein, er fer vaxandi ár frá ári, og því síst þörf upp að bæta — nema landhelgisvörnin. Gegn henni, og meðan hún stendur, er því eigi ósennilegt, að kæmu þau hlunnindi, að Danir fengju einhverja ívilnun um fiskiveiðarjett í landhelgi.

Frekari ívilnanir af vorri hálfu eru því hreinar og beinar gjafir til Dana og þarflaust rjettindaafsal.

Slíkar gjafir og rjettindaafsöl er að finna í 6. gr. frv.

Fyrsta málsgrein hennar hljóðar svo:

»Danskir ríkisborgarar njóta að *öllu leyti* sama rjettar á Íslandi sem íslenskir ríkisborgarar fæddir þar, og gagnkvæmt«.

Hjer er því nú að vísu slegið föstu, að til sje íslenskur ríkisborgararjettur.

Og ætlast er til, að íslensk völd veiti ríkisborgararjett útlendingum, öðrum en Dönum. Er þessi rjettur fagur í orði gagnvart öðrum ríkjum og því nokkur bót, miðað við uppkastið 1908.

En hagsmunaþýðing hans er hverfandi eða jafnvel meira en hæpin, er þess er gætt, að Danir geta líka veitt ríkisborgararjett með lagagildi hjer á landi.

Hins vegar er dönskum borgurum, Dönum, Færeyingum og Grænlendingum, *án tillits til búsetu,* óskorað veittur sami rjettur til afnytja á öllum gæðum þessa lands, ám og afllindum sem landsins eigin börnum, *án nokkurs fyrirvara eða afdráttar,* og svo ríkt er eftir þessu gengið — a l ó m ó t m æ l t a f v o r r i h á l f u — að *oss er skipað að nema úr gildi allar takmarkanir í sjerlöggjöf vorri, sem nú eru þessu til fyrirstöðu,* þar á meðal fyrst og fremst 5 ára heimilisfestu sem skilyrði fyrir kosningarrjetti aflendra manna, samkv. 10. gr. stj.sk.laga 19. júní 1915, og eru þar með sýnd forlög annara takmarkana í sjerlögum vorum.

Með þessu ákvæði eru Danir viðurkendir sambýlismenn vorir og sameignarmenn að landinu, er þeir sunnan úr Danmörku mega hagnýta sjer eftir vild og bestu getu um næstu 25 ár.

Nú eru Danir 33 sinnum mannfleiri en vjer og nær 100 sinnum auðugri, og liggur því í augum uppi, að þjóðerni voru, efnalegu og stjórnarfarslegu sjálfstæði getur verið sýnn háski búinn, ef þeir nú hleypa heimdraganum og hafa verulega atburði í frammi til að nýta sjer gæði þau, sem fram eru reidd.

En það þarf eigi að efa, því að landið er nú miklum mun girnilegra í þeirra augum en nokkuru sinni áður; þeim hefir stórum aukist fjármagn síðustu árin, og uppsagnarrjetturinn knýr þá fram, enda þegar hafin hreyfing í þá átt í Danmörku.

Er með þessu skorin stór sneið af umráðarjetti Íslendinga yfir eigin landi og vjer gerðir óráða þess, hverjir byggja þetta land.

En slíkur umráðarjettur er og hefir jafnan verið talinn aðalundirstaða og kjarni alls þjóðfrelsis og ómissandi trygging þjóðernisins.

Engin dæmi eru heldur til þess, að neitt ríki hafi berað svo land sitt gagnvart öðru ríki.

Er því hjer lagt inn á nýja hættubraut og tefld í fulla tvísýnu þeim rjetti, sem talinn er fjöregg hverrar þjóðar, þvert ofan í staðreyndir allra annara ríkja.

Stingur þetta einkennilega í stúf við það, að á alríkisráðstefnu Breta nú í sumar lögðu nýlendur þeirra mesta áhersluna á, að hver nýlenda væri aleinráð um ríkisborgararjettinn. —

Í uppkastinu 1908 hljóðar samsvarandi málsgrein svo:

»Danir og Íslendingar *á Íslandi* og Íslendingar og Danir í Danmörku njóta fulls jafnrjettis«.

Hjer er búseta gerð að skilyrði fyrir jafnrjetti þegnanna, og var þó fulllangt gengið.

Í nýja uppkastinu er búsetuskilyrðið þurkað út, og mega því allir sjá, að það er í þessu undirstöðu- og höfuðatriði sýnu verra en gamla uppkastið.

Þar er einnig fiskiveiðarjettur Dana í landhelgi vorri takmarkaður við landhelgisgæslu þeirra, en nú er þeim fyrirvara slept.

Og enn hafa Danir áskilið sjer að freka ekki landhelgisgæsluna úr því, sem verið hefir.

Hlýtur það að auka gjöld landssjóðs að stórum mun, sennilega þegar að ófriði loknum, því að allar líkur eru til, að fiskiveiðar útlendinga hjer við land vaxi óðfluga frá því, sem var fyrir ófriðinn, og geri frekari strandgæslu óhjákvæmilega.

Einnig að þessu leyti er því nýja uppkastið verra en hið gamla.

Úr tjóni því, hættu og háska, sem oss er af öllu þessu búið, dregur það lítið eða jafnvel ekki, að vjer höfum sama rjett í Danmörku.

Sakir mannfæðar vorrar og fátæktar má Dönum á sama standa, jafnvel fult eins líklegt, að þeir nemi nú þegar úr lögum sínum allar takmarkanir, er máli skifta, sem geta verið til afdráttar jafnrjetti voru þar, en slíkt jafnrjetti er þjóð vorri enginn fengur, nema síður sje.

Og frekari skilyrði fyrir rjettindanautn en Danir setja hjá sjer er oss bannað að setja þeim hjer á landi samkvæmt skýlausum fyrirvara þeirra við 6. gr.

En 6. gr. lætur ekki hjer við lenda. 4. málsgr. hennar hljóðar svo:

»Dönsk skip njóta á Íslandi sömu rjettinda sem íslensk skip, og gagnkvæmt«.

Hjer er beint rjettindaafsal til Dana *frá því, sem nú er.*

Sakir legu landsins, fiskimiða vorra og skipafæðar sækja margfalt fleiri dönsk skip hingað en hjeðan til Danmerkur.

Danir hafa því langsamlega mestan haginn af þessu jafnrjettisákvæði, sem því í raun og veru er frámunalegt misrjetti.

Hjer er því bætt gráu á svart ofan.

Enginn urmull af þessu ákvæði sjest í uppkastinu 1908, og ætti það eitt að geta fært mönnum heim sanninn um, hve ótækt það er.

Af öllu þessu jafnrjetti hins danska ríkis leiðir, að önnur ríki munu sennilega krefjast að fá eigi verri rjett hjer á landi. Eftir því, sem viðskifti vor við útlönd aukast, gæti því jafnrjettið danska orðið oss afarþungbært, sjerstaklega að því er snertir tolla og skipagjöld.

Enn er þess að gæta, að jafnrjetti án búsetuskilyrðis leiðir til danskrar leppmensku, eins og þegar hefir á bólað.

Af þessum sökum tel jeg óverjandi að samþykkja 6. gr., eins og hún er nú orðuð, og legg til, að henni verði breytt til batnaðar.

Í stað 60000 kr. árstillags þess, er Danir hafa greitt oss, ákvað uppkastið 1908, að þeir skyldu greiða oss $1^1/_2$ miljón kr. í eitt skifti fyrir öll.

Nýja uppkastið afsalar oss þessari fjárhæð, gegn því, að Danir greiði háskóla Íslands 1 miljón kr. Er þetta auðsær óhagur fyrir oss frá því, sem áður var.

Þennan halla bætir eigi að neinu sú miljón króna, sem veitt er háskóla Dana til að efla andlegt samband milli landanna, því að það er hvorttveggja, að Garðstyrkurinn við Kaupmannahafnarháskóla var þegar orðinn meira virði og að hinn nýi styrkur verður að skoðast fult eins í þágu Dana og vor.

Að þessu leyti er því nýja uppkastið verra en hið gamla.

Lögjöfnunarnefnd 16. gr. er bein afleiðing samborgararjettarins í 6. gr., eins og hún er nú orðuð, enda beint tekið fram, að nefndin eigi fyrst og fremst að hafa til meðferðar löggjöf um sjermál ríkjanna og sjá um, að hagsmunum hvorugs sje hallað.

Tel jeg nefnd þessa, sem töluverður kostnaður hlýtur að verða að, oss næsta óþarfa, og legg því til, að grein þessi falli niður.

Til þess að samningnum verði sagt upp áskilur 18. gr., *að* $^3/_4$ atkvæðisbærra manna hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslu um sambandsslit og *að* $^3/_4$ greiddra atkvæða greiði þeim jáyrði. Þessi uppsagnarskilyrði eru svo rík, að heita má, að samningurinn sje óuppsegjanlegur.

Það nægir sem sje, að $^1/_4$ kjósenda hafi ekki greitt atkvæði.

Þar sem auðir seðlar teljast ekki greitt atkvæði og mótstöðumenn sambandsslita munu róa að því að aftra mönnum frá að taka þátt í atkvæðagreiðslunni, en jafnrjetti þegnanna samkvæmt 6. gr. eykur þann flokk talsvert með hverju árinu, eftir því sem Danir verða áhenda friðinda landsins og þeim fjölgar hjer á landi, má hverjum manni vera ljóst, að gremjan út af sambúðinni við Dani hlýtur að vera orðin harðmögnuð, ef sambandsslit eiga að verða ofan á. En það þýðir það, að landið hefir goldið afskaplegt afhroð af sambúðinni áður en svo langt rekur.

Gegn þessu tjáir ekki að vitna til þess, að tala atkvæða við alþingiskosningar hafi áður orðið $^3/_4$ allra kjósenda.

Þetta skeði áður en tala kjósenda var rýmkuð um helming með stjórnarskrárbreytingunni 1915, og má því enga ályktun af þeim kosningum draga.

Auk þess er athugandi, að við kjördæmakosningar ýta undir kjósendur eigin hvatir þingmannaefna og valdagræðgi flokkanna. Með öðrum orðum, allir þeir, sem nokkurn kosningaáhuga hafa, keppast við að reka kjósendur að kjörborðinu.

En megi ráða nokkuð af atkvæðagreiðslum síðari ára um, hvernig atkvæðagreiðsla um sambandsslit verði sótt, væri sönnu næst að vitna til landskosninganna 1916 eða til atkvæðagreiðslu um þegnskylduvinnu eða atkvæðagreiðslu um aðflutningsbannið í Norður-Ísafjarðarsýslu 1908, þar sem engin kosning fór fram samtímis.

Landskosninguna 1916 sóttu 24,3% allra kjósenda, en kjördæmakosninguna sama ár sóttu rúmlega 56%.

Samkvæmt uppkastinu 1908 gat einfaldur meiri hluti þings slitið sambandinu um sameiginlegu málin. Munar hjer miklu.

Að minni hyggju lýsir það pólitiskri skammsýni og vanhyggindum að hafa uppsagnarskilyrðin mjög þröng. Því lausari sem sambúðin er, því meiri hvöt hafa báðir aðiljar til þýðrar og góðrar samvinnu á öllum sviðum, og því affarasælli hlyti hún að verða þeim, en því fastari sem böndin eru, því meiri líkur eru til, að yfirdrotnunarandinn haldist við á aðra hlið og tortrygnin á hina og verði þrándur í götu nýtra framfarafyrirtækja.

Í samninginn vantar ákvæði um, hve mikinn meiri hluta þurfi til að samþykkja samninginn, bæði hjá þingi og þjóð. Geng jeg út frá því, að hann verði samur og þarf til samningsslita og mun gera tillögu um það.

Í 20. gr. er gert ráð fyrir að samningurinn gangi í gildi 1. desember þ. á. Ákvæði þetta er með öllu óverjandi.

Alþjóð manna er sárókunnugt um málið. Má heita, að hún hafi að eins getað fengið einhverja nasasjón af annari hlið þess. En sjálfsagt er, að hún fái fult næði og nægan tíma til að athuga slíkt stórmál, er ráða mun örlögum hennar um marga mannsaldra. Verður því fremur að leggja áherslu á þetta, sem þjóðinni er meinað að kynna sjer gerðabók og gögn samninganefndanna.

Og þar sem samningurinn leiðir til stjórnarskrárbreytingar, gæti hann rekið sig illa á, ef andmælendur sambandsins yrðu í meiri hluta eftir nýjar kosningar.

Yfir höfuð er það misráðið og miður sæmilegt að hroða slíku máli af á skömmum tíma. —

Því er borið við, að hraða þurfi málinu sakir þess, að oss sje lífsnauðsyn að fá viðurkent hlutleysi vort sem allra bráðast.

Þótt nú eitthvað væri til í þessu, sem jeg leyfi mjer fyllilega að vefengja, gæti það eigi náð til annars en að gangskör væri að því gerð, að Danir lýstu hlutleysi voru fyrir vora hönd, og ætti það vissulega að vera auðsótt mál.

Og enginn vafi er á, að málstað vorum er best borgið með því að biða friðarumleitana í styrjaldarlok; býst þá við bestum kjörum, en sje alls enga hættu á biðinni.

Að lokum skal yfir því lýst, að samningur þessi hefði mátt verða mun betri í okkar garð, ef rjett og sæmilega hefði verið á málinu haldið af vorri hálfu, og að jeg get ekki greitt frumvarpinu atkvæði, nema samþyktar verði breytingartillögur þær, er jeg ber fram og hjer fylgja á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 6. gr.
   a. 1. málsgr. hljóði svo:
      Danskir ríkisborgarar heimilisfastir á Íslandi njóta að öllu leyti sama rjettar sem íslenskir ríkisborgarar fæddir þar, og gagnkvæmt.
   b. 4. málsgr. falli niður.

2. Við 16. gr.
   Greinin falli niður. Greinatalan breytist samkvæmt því.
3. Við 18. gr. 2. málsgr.
   Í stað »$^{3}/_{4}$« á 2 stöðum komi:
   $^{3}/_{5}$.
   Til vara:
   $^{2}/_{3}$.
4. Alstaðar í frv. þar sem orðin »Danmörk« og »Ísland« eru sett hliðstæð, svo og »danskir« og »islenskir«, í öllum föllum, *sje Ísland og islenskir nefnt á undan.*
5. Við 20. gr.
   Greinin orðist svo:
   Sambandslög þessi ganga í gildi 1. janúar 1920, eftir að þau hafa verið samþykt á sama hátt og segir í 18. gr.
6. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til sambandslaga Íslands og Danmerkur.

Alþingi, 6. sept. 1918.

Magnús Torfason.

Fylgiskjal I.

Ályktun

hinnar bresku ríkisráðsstefnu í Lundúnum (Imperial Conference). (Times weekly 2. ágúst 1918).

»Það heyrir tvímælalaust undir valdsvið stjórnar hvers einstaks lands innan breska ríkisins að ákveða ein, hverjir sjeu íbúar í landinu með hömlum á innflutningi frá hinum löndunum. Breskum borgurum, sem búsettir eru innan einhvers lands í breska ríkinu, skal heimilt að koma til annara landa breska ríkisins í heimsókn sjer til skemtunar eða í verslunarerindum, svo og að setjast þar að til bráðabirgða í því skyni að leita sjer mentunar, en rjettur þessi nær ekki til heimsóknar eða bráðabirgðaaðseturs í því skyni að leita sjer atvinnu nje til að taka sjer fasta bólfestu«.

Fylgiskjal II.

Kafli

úr bæklingnum »Ný-valtýskan og landsrjettindin«, Rvík 1902, eftir Einar Benediktsson (úr Frjettum 10. júlí 1918).

»Danir hafa að undanförnu *viðurkent* í sjermálalöggjöf Íslendinga, að hjerlendir menn *gætu* haft rjettindi hjer á landi fram yfir »ríkisborgarana«.

Og þeir hafa einnig viðurkent í löggjöfinni, að Íslendingar hefðu nokkurn rjett til »sjerstakra« lagaákvæða fyrir sig, án einskorðunar við danskan rjett.

Í þeim brotum og molum af *þjóðlegri* löggjöf Alþingis, er komið hafa fram að undanförnu, sjest ofurvel, að það eru einmitt *sjerrjettindi Íslendinga fram yfir aðra »rikisborgara« á sjermálasvæðinu*, sem öll hin síðari pólitiska þræta milli Dana og Íslendinga snýst um í raun og veru, þegar hismið er skilið frá kjarnanum. — —

Og menn verða að leggja vel niður fyrir sjer, hve feiknamikill munur er á þessu *»formlega jafnrjetti«* þegnanna og *»sönnu jafnrjetti«* þeirra.

Það er t. a. m. ekki sannarlegt jafnrjetti Íslendinga og Dana, að hjerlendum mönnum er heimilað að reka fiskiveiðar við Jótlandsskaga . . . gegn því, að Danir, *sem ekki eru búsettir hjer*, megi reka fiskiveiðar hjer við land. — Og enn harðara er það þó, að Færeyingar, Grænlendingar . . . skuli geta komið hjer og staðið í öllu jafnfætis hjerlendum mönnum að rjettindum yfir sjó og landi.

Sannarlegt jafnrjetti Íslendinga og Dana væri það, ef hjerlendir menn hefðu *þeim mun* meiri hlunnindi *að lögum* á Íslandi, sem Danir standa betur að vigi í *raun og veru* í samkepninni við Íslendinga hjer í landi.

Danir eru auðug þjóð, en Íslendingar bláfátækir. Það er því ekki sannarlegt jafnrjetti að láta *danskt auðmagn* leika sjer hjer eftir vild (án skilyrðis um búsetu fjáreiganda eða fjárstjórnanda hjer í landi) — og bjóða svo Íslendingum hjer í móti »að koma með auðmagn *sitt* til Danmerkur«.

Það er sannarlegur **þegna-ójöfnuður** að leggja *fáment, viðáttumikið, óræktað, fiskauðugt fossaland*, eins og Ísland, í formlegt og skilyrðislaust þegnasamband við *fjölbýlt, þröngsetið, alræktað, fiskisnautt og fossalaust* land eins og Danmörk.

Jeg nefni hjer að eins það, sem verður *þreifað* á.

En Íslendingar með íslenskan anda og nokkra taug af íslensku þjóðerni munu einnig sjá, hvað *tunga* vor og *þjóðareinkenni* mundu græða á þessu. . .

Jeg býst varla við, að nokkur maður þori að neita því, að með þessu verða Íslendingar gerðir að *»þegnum þegnanna«*.

Lagalegt jafnrjetti »i orði« getur orðið hinn mesti ójöfnuður »á borði«.

Það stoðar ekki, þó menn vísi hjer til þess, að Íslendingar geti fengið »embætti í Danmörku«. — Það sýnir einungis það *eitt*, að Danir ættu einnig að geta fengið embætti hjer, og enginn hefir neitt á móti því! — —

En ofan á alt það, sem að framan er sagt um hinn *svokallaða* þegnajöfnuð og *sannkallaða* þegnaójöfnuð, má bæta einu við, sem hefði vist þótt nægja í gamla daga — og nægði á dögum Jóns Sigurðssonar, það er, að Íslendingar hafa aldrei *sjálfir* beðið um slíkan »þegnajöfnuð« við Dani — þangað til nú, að »fulltrúarnir« sýnast ætla að fá þjóðina til þess að biðja um hann.

Skyldi þeim takast það?«

V.

Meðferð sambandslagafrumvarpsins á Alþingi.

[Útdráttur úr gerðabókum beggja deilda á haustþinginu 1918].

Á 1. fundi í neðri deild, mánudaginn 2. september 1918, kl. 2[8] síðdegis, var útbýtt:

Frumvarpi til dansk-íslenskra sambandslaga (stjórnarfrv. á þingskjali 1).

Á 2. fundi í neðri deild, sama dag, kl. 4 síðdegis, var frv. tekið til *1. umræðu.*

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði frá þingsköpum leyfð og samþykt með 19 : 1 atkv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 : 1 atkv.

Tillaga um að skipa 7 manna nefnd í málið var samþ. með 17 samhljóða atkv.

Afbrigði leyfð og samþ. án atkvæðagreiðslu um fram komna tillögu um, að nefndin skyldi skipuð sömu mönnum og sæti áttu í fullveldisnefnd neðri deildar á síðasta þingi, og sú tillaga var síðan samþ. með 17 samhljóða atkv.

En í nefndina var af hálfu Heimastjórnarflokksins tilnefndur

Einar Arnórsson,

í stað Þórarins Jónssonar, er eigi kom til þingsetu að þessu sinni.

Þessir þingdeildarmenn áttu því sæti í nefndinni:

Magnús Pjetursson,
Jón Jónsson,
Magnús Guðmundsson,
Bjarni Jónsson,
Einar Arnórsson,
Sveinn Ólafsson og
Matthías Ólafsson.

Frv. var því næst vísað til nefndarinnar með 17 samhljóða atkv.

Á 2. fundi í efri deild, mánudaginn 2. september, kl. 5 síðdegis, var tekin til meðferðar:

Kosning sambandslaganefndar.

Afbrigði frá þingsköpum um að kjósa nefnd þessa nú þegar, til þess að íhuga frv. til dansk-íslenskra sambandslaga í samvinnu við fullveldisnefnd neðri deildar, leyfð og samþ. í einu hljóði.

Með afbrigðum, er leyfð voru og samþ. í einu hljóði, var samþ. í

einu hljóði tillaga um að skipa nefndina sömu mönnum sem kosnir voru í fullveldisnefnd deildarinnar á síðasta þingi, en þeir voru þessir:

Karl Einarsson,
Jóhannes Jóhannesson,
Magnús Torfason,
Eggert Pálsson og
Guðmundur Ólafsson.

Á 3. fundi í neðri deild, föstudaginn 6. september, kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2. *umr.* (þingskjal 1, nefndarálit á þgskj. 3, breytingartillögur á þgskj. 4).

Forseti skýrði frá, að breytingartillögunum væri útbýtt í deildinni á þessum fundi, en nefndarálitið væri ókomið enn, en mundi koma til útbýtingar síðar á fundinum eða verða borið út meðal deildarmanna. Mundi fundi verða frestað nokkrar klukkustundir, til þess að deildarmenn ættu kost á að kynna sjer álit nefndarinnar. En síðan yrði fundi haldið áfram síðari hluta dags og málið þá tekið til meðferðar, ef deildin leyfði.

Leitaði forseti síðan leyfis til afbrigða um nefndarálitið og um breytingartillögurnar, og voru þau afbrigði leyfð og samþ. með 21 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	nei:
Hákon Kristófersson,	Magnús Pjetursson,
Jón Jónsson,	Sigurður Stefánsson,
Jón Magnússon,	Benedikt Sveinsson,
Jörundur Brynjólfsson,	Gísli Sveinsson.
Magnús Guðmundsson,	
Matthías Ólafsson.	
Pjetur Jónsson,	
Pjetur Ottesen,	
Pjetur Þórðarson,	
Sigurður Sigurðsson.	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Ólafsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þorsteinn Jónsson,	
Bjarni Jónsson,	
Björn Kristjánsson,	
Björn Stefánsson,	
Einar Arnórsson,	
Einar Árnason,	
Einar Jónsson,	
Ólafur Briem.	

Umræðunni var því næst frestað um stund, og var þá sem næst miðmunda.

Kl. 4 síðdegis hófst fundurinn aftur.

Forseti skýrði frá, að útbýtt væri í deildinni:

Nefndaráliti um frv. til dansk-íslenskra sambandslaga. Frá meiri hluta sameinaðra fullveldisnefnda efri og neðri deildar Alþingis 1918,

og hefði nefndarálitið og verið borið út meðal deildarmanna þegar eftir fyrri hluta fundarins s. d.

Því næst var haldið áfram umræðum um sambandslagafrv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

I. kafli frv. (1.—5. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Breytingartillaga 4,1 feld með 23 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	nei:
Benedikt Sveinsson.	Magnús Pjetursson, Matthías Ólafsson, Pjetur Jónsson, Pjetur Ottesen, Pjetur Þórðarson, Sigurður Sigurðsson, Sigurður Stefánsson, Stefán Stefánsson, Sveinn Ólafsson, Þorleifur Jónsson, Þorsteinn Jónsson, Bjarni Jónsson, Björn Kristjánsson, Björn Stefánsson, Einar Arnórsson,[1] Einar Árnason, Einar Jónsson, Gísli Sveinsson, Hákon Kristófersson, Jón Jónsson, Jón Magnússon, Jörundur Brynjólfsson, Ólafur Briem.

Magnús Guðmundsson var fjarstaddur og hafði til þess leyfi forseta.

6. gr. samþ. með 22 : 1 atkv.

Brtt. 4, 2. feld með 22 : 1 atkv.

7., 8. og 9. gr. samþ. með 22 : 1 atkv.

Brtt. 4, 3. feld með 22 : 1 atkv.

10. og 11. gr. samþ. með 22 : 1 atkv.

12. gr. samþ. með 22 : 1 atkv.

Brtt. 4, 4. feld með 22 : 1 atkv.

13., 14. og 15. gr. samþ. með 22 : 1 atkv.

Brtt. 4, 5. feld með 22 : 1 atkv.

16. og 17. gr. samþ. með 22 : 1 atkv.

Brtt. 4, 6. feld með 22 : 1 atkv.

18. gr. samþ. með 22 : 1 atkv.
Brtt. 4, 7. feld með 22 : 1 atkv.
19. gr. samþ. með 22 : 1 atkv.
Brtt. 4, 8. feld með 22 : 1 atkv.
20. gr. samþ. með 22 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkæðagreiðslu.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	nei:
Hákon Kristófersson,	Benedikt Sveinsson.
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Jörundur Brynjólfsson,	
Magnús Guðmundsson,	
Magnús Pjetursson,	
Matthías Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Pjetur Ottesen,	
Pjetur Þórðarson,	
Sigurður Sigurðsson,	
Sigurður Stefánsson,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Ólafsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þorsteinn Jónsson,	
Bjarni Jónsson,	
Björn Kristjánsson,	
Björn Stefánsson,	
Einar Arnórsson,	
Einar Árnason,	
Einar Jónsson,	
Gísli Sveinsson,	
Ólafur Briem.	

Á 4. fundi í neðri deild, laugardaginn 7. september, kl. 10 árdegis, var frv. tekið til *3. umr.*

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	nei:
Jörundur Brynjólfsson,	Magnús Pjetursson,
Magnús Guðmundsson,	Sigurður Stefánsson,
Matthías Ólafsson,	Benedikt Sveinsson,
Pjetur Ottesen,	Einar Jónsson,
Pjetur Þórðarson,	Gísli Sveinsson.
Sigurður Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson,	

já:
Sveinn Ólafsson,
Þorleifur Jónsson,
Þorsteinn Jónsson,
Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,
Björn Stefánsson,
Einar Árnason,
Hákon Kristófersson,
Jón Jónsson,
Ólafur Briem.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	nei:
Pjetur Þórðarson,	Benedikt Sveinsson.
Sigurður Sigurðsson,	
Sigurður Stefánsson,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Ólafsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þorsteinn Jónsson,	
Bjarni Jónsson,	
Björn Kristjánsson,	
Björn Stefánsson,	
Einar Arnórsson,	
Einar Árnason,	
Einar Jónsson,	
Gísli Sveinsson,	
Hákon Kristófersson,	
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Jörundur Brynjólfsson,	
Magnús Guðmundsson,	
Magnús Pjetursson,	
Matthías Ólafsson,	
Pjetur Jónsson.	
Pjetur Ottesen,	
Ólafur Briem.	

Frv. afgreitt til efri deildar.

Á 3. fundi í efri deild, laugardaginn 7. september, kl. 1 miðdegis, var útbýtt:

Frumvarpi til dansk-íslenskra sambandslaga,
eins og það var samþ. við 3. umr. í neðri deild (þingskj. 6).

Á sama fundi var og útbýtt álitum meiri og minni hluta fullveldisnefnda um frumvarpið (þingskj. 3 og 5).

Á sama fundi var frv. tekið til *1. umr.*

Of skamt var liðið frá úthýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 samhlj. atkv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	nei:
Kristinn Daníelsson,	Magnús Torfason.
Magnús Kristjánsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sigurður Jónsson,	
Sigurjón Friðjónsson,	
Eggert Pálsson,	
Guðjón Guðlaugsson,	
Guðmundur Ólafsson,	
Halldór Steinsson,	
Hjörtur Snorrason,	
Jóhannes Jóhannesson,	
Karl Einarsson,	
Guðmundur Björnson.	

Á 4. fundi í efri deild, sama dag, kl. 5 síðdegis, var frv. tekið til *2. umr.*

Of skamt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nefndarálitanna. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 : 1 atkv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Breytingartillögur á þingskj. 5 (áliti minni hluta fullveldisnefnda) teknar aftur.

1. gr. frv. samþ. í einu hljóði.
2.—5. gr. samþ. í einu hljóði.
6. gr. samþ. með 13 : 1 atkv.
7.—15. gr. samþ. í einu hljóði.
16. gr. samþ. með 13 : 1 atkv.
17. gr. samþ. í einu hljóði.
18. gr. samþ. með 13 : 1 atkv.
19. gr. samþ. í einu hljóði.
20. gr. samþ. með 13 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. með 13 : 1 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Að lokinni dagskrá þessa fundar leitaði forseti leyfis til afbrigða frá þingsköpum um, að frumvarpið mætti þegar taka til 3. umr., á fundi, er skotið yrði á samstundis að þessum fundi loknum.

Afbrigðin voru leyfð af stjórninni, en atkvæði deildarmanna fjellu svo, að 10 vildu leyfa, en 4 ekki. Náðist því eigi nægur meiri hluti (sbr. 54. gr. þingskapanna) til þess, að afbrigðin gengju fram.

Á 5. fundi í efri deild, mánudaginn 9. september, kl. 10 árdegis, var frv. tekið til *3. umr.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	nei:
Guðmundur Ólafsson,	Magnús Torfason.
Halldór Steinsson,	
Hjörtur Snorrason,	
Jóhannes Jóhannesson,	
Karl Einarsson,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Kristjánsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sigurður Jónsson,	
Sigurjón Friðjónsson,	
Eggert Pálsson,	
Guðjón Guðlaugsson,	
Guðmundur Björnson.	

Frv. (óbreytt, eins og það er prentað hjer að framan) afgreitt sem

lög frá Alþingi.